



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. janúar 2006 – 13. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Græna byltingin
Eru ungir Íslendingar að hætta að borða kjöt? Er síðferðislega rangt að borða dýr?
HELGA REFNI 46

Engin vændiskona í Hollywood
Kínverska leikkonan Ziyi Zhang sló í gegn í Crouching Tiger, Hidden Dragon en leikur nú í Memoirs of a Geisha sem bráðum verður frumsýnd.
VIÐTAL 36

Frumkvöðull úr ritstjórstól
Jónas Kristjánsson sagði starfi sínu sem ritstjóri DV lausu í gær eftir mikla orrahrið. Á löngum og umdeildum ferli hefur hann innleitt ýmsar nýjungar í íslenska blaðamennsku.
MAÐUR VIKUNNAR 12

Hefur trú á Arnóri
Alfred Gíslason, fyrrum þjálfari Arnórs Atlasonar hjá Magdeburg, hefur trú á því að Arnór geti vel leyst stöðu vinstri skyttu hjá landsliðinu á EM í Sviss.
ÍPRÓTTIR 48

VEÐRIÐ Í DAG

ÁFRAM ÉL á vestan- og sunnanverðu landinu en bjart austan til. Frost 0-8 stig, kaldast inn til landsins.
VEÐUR 4

Presti hótað og sagt að halda sig til hlés

Toshiki Toma, japönskum prestri innflytjenda, barst í gær bréf þar sem segir að útlendingar á Íslandi séu „hvítleitt fyrirbæri“ í íslensku samfélagi. Toma er beðinn í bréfinu um að halda sig til hlés. Toma segir bréfið vera hótun.

INNFLYTJENDUR Toshiki Toma, prestri innflytjenda á Íslandi, barst í gær bréf heim til sín þar sem hann er beðinn um að hætta að berjast fyrir réttindum nýbúa á Íslandi og er þar meðal annars sagt að nýbúar á Íslandi séu „hvítleitt fyrirbæri“ sem ekki eigi heima í íslensku samfélagi.



TOSHIKI TOMA MEÐ BRÉFIÐ Toma segist ekki tilbúinn að láta hótunarbref yfir sig ganga.

hann ætti að halda sig til hlés þar sem orð hans og rödd myndi ekki gera neitt gagn fyrir útlendinga, sem hvort eð er væru ekki velkomnir hér á landi.

Toma hefur einu sinni fengið líflátshótunarbref heim til sín

en það gerðist árið 2001. Eftir það segist hann ákveðinn í því að þegja ekki yfir því þegar störf hans eru trufluð með sjónarmiðum þröngsýnna manna sem ala á ranghugmyndum um útlendinga hér á landi.

„Ég er mjög reiður yfir þessu bréfi og tek það nærri mér. Ég ætla mér ekki að þegja yfir því þegar gert er lítið úr nýbúum hér á Íslandi. Þetta snýst í sjálfu sér ekki um Íslendinga eða innflytjendur, heldur mannréttindi og réttlætiskennnd. Umburðarlyndi þarf alltaf að vera í hávegum haft hjá fólki en því miður eru einstaklingar í samfélaginu sem láta stjórnast af öðru en kurteis og siðlegri hugsun,“ sagði Toma.



SVARA FULLU HÁLSI Ali Asghar Soltanieh, nýr sendiherra Írans hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, talar í Vín í gær.

Íranar hóta að slíta samstarfi

ÍRAN, AP Íransstjórn hótaði því í gær að hindra aðgang eftirlitsmanna og binda enda á annað samstarf við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina ef deilunni um kjarnorkuáætlun Írana verður vísað til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Forseti landsins lýsti því yfir að það myndi ekki láta þvingunaraðgerðir SP hafa nein áhrif á sig.

Íransstjórn tók þessa hörðu afstöðu er ráðamenn Evrópu og Bandaríkjanna unnu að því að afla fylgis við þá ráðstöfun að láta málið koma til kasta öryggisráðsins. Undir þá viðleitni tók Kínastjórn hins vegar ekki; hún varaði við því að það gæti aðeins orðið til þess að gera illt verra.



SEKTAÐ Í SNJÓPYNGSLUM Það voru erfiðar starfsaðstæður fyrir stöðumælaverði í gær ne þeir þurftu að hafa mikið fyrir því að sinna störfum sínum. Hér sést samviskusamur stöðumælavörður við Tryggvagötu vera að athuga hvort viðkomandi sé búinn að borga. Mikill snjór á götum borgarinnar gerði vegfarendum á höfuðborgarsvæðinu erfitt fyrir í allan gærdag.

Banaslys varð í hörðum árekstri fjögurra bíla á Sæbraut: Strætisvagnabílstjóri lést

LÖGREGLA Ökumaður strætisvagns lést eftir harkalegan árekstur á Sæbrautinni í gær. Tækjabíl þurfti til að ná manningnum út úr vagninum. Ökumenn tveggja vörubíla og fólksbíls sluppu án meiðsla.



FRÁ SLYSSTAÐ Maðurinn sem lést hafði ekið strætisvagni í sex ár. Hann var kvæntur og átti uppkomin börn.

Maðurinn sem lést var um sextugt. Hann var kvæntur og átti uppkomin börn. Hann hefur ekið strætói í tæp sex ár.

Kvenfélagskonur á Húsavík: Þjófstarta þorravertíðinni

SKEMMTANIR Kvenfélag Húsavíkur heldur sitt árlega þorrablót á Hótel Húsavík í kvöld en hefð er fyrir því að blótið sé haldið áður en þorri gengur í garð. „Húsavíkingar eru mjög blótglaðir og ekki óalgengt að menn fari á þrjú til fimm þorrablót á hverju ári og þess vegna dugar þorriinn okkur ekki,“ segir Friðrika Baldvinsdóttir, formaður kvenfélagsins.

Hún segir blótið stærstu skemmtun ársins á Húsavík og vinsældir þess séu slíkar að húsnaðið dugi ekki lengur. „Tæplega 400 miðar seldust upp á sjó mínútu og færri komust að en vildu,“ segir Friðrika.

Stærsta útsalan er hafin!

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

Veldu það besta

Pitt val skiptir máli

Íslenskir framleiðendur



SPURNING DAGSINS

Simon Jón, braustu nokkuð spegil í gær?

Nei, enda fór ég varlega. Nú er bara að sjá með daginn í dag; sjö, níu, þrettán.

Simon Jón Jóhannsson hefur skrifað margar bækur um hjátrú og hvatti fólk til að fara sér hægt í gær, föstudaginn 13. janúar.



FIKNIEFNIN SEM FUNDUST Í EYJUM Spjótin beinast nú að sölumanni efnanna á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/S.EP/ÓRVIÐ

Vestmannaeyjamálið:

Maður á fertugsaldri grunaður

FIKNIEFNAMÁL Maður á fertugsaldri, sem búsettur er á höfuðborgarsvæðinu, er grunaður um að hafa flutt inn og selt fíkniefni til Vestmannaeyja en hann og maðurinn sem tekinn var með 1,3 kíló af hassi í Eyjum tengjast fjölskylduböndum.

Lögreglan í Vestmannaeyjum og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, vinna nú saman að því að uppræta fíkniefnamisferlið en vopn, fíkniefni og peningar voru gerð upptæk í húsleitum í Vestmannaeyjum fyrir nokkru. -mh

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediksdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugs málsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á muna aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

Sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskólans kemur til álita:

Kostir sameiningar skoðaðir

STJÓRNMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur fengið starfshóp til þess að kanna hversu fýsilegt sé að sameina Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Hópnun er ætlað að skila niðurstöðum fyrir lok febrúar.

„Ég hef haft þetta til skoðunar í tengslum við frumvarp til háskólalaga sem er í mótun. Ýmsar skýrslur liggja fyrir og rektorar beggja skólanna hafa lýst vilja til þess að skoða þetta í alvöru, ekki sist með það í huga að efla kennaramenntun í landinu.“

Þorgerður kveðst taka ákvörðun um framhald málsins þegar álit

starfshópsins liggja fyrir. „Þetta verður unnið í sátt við báðar stofnanirnar. Athugaðir verða kostir og gallar sameiningar. Í fljótu bragði sýnist mér að þetta gæti orðið til þess að efla kennaramenntun í landinu, sem mjög er til umræðu. Ég vil fá svar við því hvort sameining sé líkleg til þess að bæta kennaramenntunina í landinu, bæta háskólastarfið og rannsóknir. Ef svarið verður jákvætt hefjum við sameiningarferlið,“ segir menntamálaráðherra.

Formaður starfshópsins verður Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu. -jh



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSÐÓTTIR OG GUÐMUNDUR ÁRNASON Guðmundur stýrir starfshópi þar sem kannað er hversu fýsilegt sé að sameina HÍ og KHÍ.

Innflytjendastefna ESB:

Flóttamönnum haldið fjarri

EVROÞUSAMBANDIÐ, AP Dóms- og innanríkisráðherrar Evrópusambandsins ákváðu á föstudag að ESB-ríkin myndu hjálpa yfirvöldum í Tansaníu að flytja flóttamenn frá Mið-Afríku sem þar eru í flóttamannabúðum til annarra landa í Afríku.

Síðar mun ESB einnig veita Úkraínu, Moldóvu og Hvíta-Rússlandi hlíðstæða aðstoð við að fást við flóttamenn sem þangað eru komnir í von um að komast til Vestur-Evrópu. Aðgerðirnar eru liður í að efla milliríkjasamstarf í því skyni að draga úr straumi ólöglegra innflytjenda og hælisleitenda til Evrópu. ■

Enginn kaupandi að orku Norðlingaöldu

Forsætisráðherra segir engan kaupanda að orku frá Norðlingaölduveitu sem stendur og kveðst ekki eiga von á ákvörðun um framkvæmdir á næstunni. Landsvirkjun telur veituna spara sér allt að 6,5 milljarða króna útgjöld.


UMHVERFISMÁL „Mér vitanlega hefur Landsvirkjun ekki tekið ákvörðun um framkvæmdir á þessu svæði og á ekki von á að það verði á næstunni,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Hann segir að eftir úrskurð Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, um takmörkun veitunnar hafi forsvarsmenn Landsvirkjunar lýst óánægju með niðurstöðu málsins. „Staðreyndin er sú að ég veit ekki til þess að núna um þetta leyti sé neinn kaupandi að þessari orku. Þannig að menn verða að gefa sér tíma til að fara yfir þetta,“ segir forsætisráðherra.

Sem kunnugt er hefur Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins og varaformaður umhverfisnefndar Alþingis, lýst sig andvígán Norðlingaölduveitu og eru andstæðingar framkvæmdanna nú í meirihluta í nefndinni. Stjórnarandstaðan hefur einnig krafist þess að málið verði tekið upp á Alþingi og lögum breytt með það fyrir augum að afnema heimildir Landsvirkjunar, stækka friðland Þjórsárvera og koma þeim á heimsminjaskrá.

Ef Landsvirkjun þarf að velja aðra kosti en Norðlingaölduveitu til frekari raforkuframleiðslu á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu nemur aukalegur kostnaður allt að 6,5 milljörðum króna.

Í minnisblaði Landsvirkjunar um stöðu framkvæmdaáætlunar við Norðlingaölduveitu kemur fram að fyrirtækið hafi þegar lagt um 630 milljónir króna í



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA Forsætisráðherra segist ekki vita til þess að neinn kaupandi sé að orku úr Norðlingaöldu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

undirbúning veitunnar og þann kostnað yrði að afskrifa ef hætt verði við framkvæmdina.

Stofnkostnaður Norðlingaölduveitu, miðað við 720 gígawattstunda orkuframleiðslu á ári, er 9,5 milljarðar króna. Ef nýta yrði aðra kosti gæti kostnaður numið 15 til 16 milljörðum króna að mati Landsvirkjunar.

Landsvirkjun hefur í raun öll leyfi nema svonefnd framkvæmdaleyfi. Það er háð samþykkt sveitarstjórna sem taka mið af skipulagsáætlunum.

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, hefur sagt að næsta skref sé að hefja viðræður við fulltrúa sveitarstjórnanna. johannh@frettabladid.is



FIÐRAFOK Tyrkir slátra nú fiðurfé í stórum stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensan:

Genabreyting í veirunni

TYRKLAND, AP Fuglaflensuveirustofninn H5N1 gæti verið farinn að smitast milli manna í Tyrklandi þó engar rannsóknir staðfesti það enn, að sögn sérfræðings hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Rannsóknir sýna örliða genabreytingu, sem þýðir að veiran á auðveldar með að festa sig við frumur úr manneskju heldur en fuglum. Sýnið var tekið úr einu af börnunum þremur sem létust úr veikinni í Tyrklandi í síðustu viku.

Þó eru vísindamenn ekki of áhyggjufullir, því sams konar breytinga varð vart í Suður-Kína árið 2003 án þess að hún hefði áhrif á útbreiðslu sjúkdómsins. -smk

Flugfélagið SAS:

Fleiri Kínverjar í flugáhafnir

DANMÖRK Flugfélagið SAS ætlar að fjölga Kínverjum í áhöfnum félagsins í áætlunarflugi til og frá Kína á næstu árum. Þrjátíu og fimm Kínverjar voru nýverið ráðnir til starfa í þessum tilgangi. Samkvæmt frétt Berlinske Tidende er gert ráð fyrir að fjórir af tíu starfsmönnum um borð verði kínverskir í framtíðinni. Verkalýðsfélag flugliða í Danmörku segir störf Dana hjá SAS vera að flytjast úr landi. -ks

Fíkniefnafundur lögreglunnar í Reykjanesbæ í Sandgerði:

Tæpt eitt kíló af hassi fannst

FIKNIEFNAMÁL Lögreglan í Reykjanesbæ fann seint í fyrrakvöld um 800 grömm af hassi við húsleit í heimahúsi í Sandgerði.

Íbúi í húsinu, maður á þrítugsaldri, hefur játað að hafa átt efnin og ætlað þau til sölu á Suðurnesjum.

Lögreglan yfirheyrði manninn strax í kjölfarið á fundinum og sleppti honum lausum eftir að hann hafði játað brot sitt.

Að sögn Jóhannesar Jenssonar, rannsóknarlögreglumanns hjá lögreglunni í Reykjanesbæ, stendur rannsókn málsins enn yfir en lögreglan á Keflavíkflugvelli aðstoðaði við húsleitina í fyrrakvöld. „Við yfirheyrðum sakborning í málinu og hann játaði að hafa ætlað efnin til sölu. Við undirbyggum húsleitina vel og rannsókn málsins er í eðlilegum farvegi.“



HASSPÍPUR SEM GERÐAR HAFU VERIÐ UPPTÆKAR í lögregluáðgerðum á suðvesturhorninu að undanförmu hefur náðst að gera upptæk rúm tvö kíló af hassi. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Þessi fíkniefnafundur er einn sá stærsti sem lögreglan í Reykjanesbæ hefur náð í umdæmi sínu. Töluvert hefur

verið um smærri fíkniefnafundi á síðustu árum í umdæminu og í flestum tilfellum hefur verið um hass að ræða. -mh

ÚTSALA

Plankaparket · Stafaparket
Fljótandi parket · Gólfplisar
Náttúrusteinn · Innihurðir

15-50%

Flott fyrir þig!

www.parki.is Dalvegi 18, Kópavogi, sími 564 3500

Parki
INTERIORS

Milljónmæringur nr. 141

Ég vil bora
ekki gera allt vitloust
hérna í sveitinni

GOTT FOLK MCANN

Það er auðvitað alltaf gleðilegt að vinna en þú mátt samt alveg halda því bara fyrir þig og þína. Á þessu ári greiðum við út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.



HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 13.01.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	61,08	61,38
	Sterlingspund	107,91	108,43
	Evra	73,64	74,06
	Dönsk króna	9,872	9,93
	Norsk króna	9,12	9,174
	Sænsk króna	7,916	7,962
	Japanskt jen	0,5331	0,5363

SDR 88,49 89,01

Gengisvísitala krónunnar
103,3046

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Merkel Þýskalandskanslari og Bush Bandaríkjaforseti hittust í Washington:

Ósammála um Guantánamo

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti hafnaði í gær tillögu þýska kanslarans Angelu Merkel um að loka fangabúðunum í bandarísku herstöðinni við Guantánamo-flóa á Kúbu. En á blaðamannafundi í Hvíta húsinu eftir viðræður þeirra þar í gær stóðu þau saman um að hvetja til þess að öryggisráð SP gripi inn í ef Íranar hætta ekki við að hefja aftur vinnu við kjarnorkuáætlun sína í trássi við samkomulag á vegum Alþjóðakjarnorkumála-stofnunarinnar.

Þetta er fyrsta heimsókn Merkel vestur um haf eftir að hún tók við embætti í nóvember. Hún



TENGLIN BÆTT Angela Merkel og George W. Bush á blaðamannafundinum í Hvíta húsinu í gær.

og gestgjafinn voru staðráðin í að sýna að samskipti landanna tveggja væru komin í samt lag eftir stjórnarskiptin í Berlín, en stirt hafði verið á milli Bush og Gerhards Schröder, fyrrverandi kanslara, vegna ágreinings um Íraksstríðið.

Á blaðamannafundinum hafnaði Bush tillögu Merkel um lokun Guantánamo-fangabúðanna. Hann sagði búðirnar „nauðsynlegan þátt í landvörnum bandarísku þjóðarinnar“. Þær yrðu starfræktar eins lengi og „stríðið gegn hryðjuverkum“ stendur yfir.

Seldi og notaði fíkniefni:

Fær skilorðsbundinn dóm

DÓMSMÁL 27 ára gamall maður hefur verið dæmdur í 30 daga fangelsi, haldi hann ekki skilorð í tvö ár, fyrir sölu og neyslu á fíkniefnum.

Maðurinn var handtekinn með tæplega hundrað grömm af hassi í bifreið sinni. Við hútleit hjá honum í Hafnarfirði fundust tæplega tvö grömm aukalega.

Dómara í Héraðsdómi Reykjanes þótti rétt að skilorðsbinda dóminn þar sem maðurinn hafði ekki brotið af sér áður og þar sem hann játaði brot sín skýlaust. Hann greiðir verjanda sínum tæplega 44 þúsund krónur í þóknun.



BORGAR ÞÓR EINARSSON Borgar sést hér með undirskriftirnar á rauðum pappír.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

32.044 mótmæltu:

Undirskriftir afhentar DV

UNDIRSKRIFTIR Borgar Þór Einarsson, formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, afhenti í gær Páli Baldvín Baldvínssyni, nýjum ritstjóra DV, undirskriftir 32.044 Íslendinga sem skoruðu á blaðamenn og ritstjórn DV að endurskoða ritstjórnarstefnu sína.

Borgar Þór segir undirskriftirnar hafa orðið mun fleiri en hann bjóst við í upphafi. „Okkar hlutverk, í ritstjórn Deiglnnar, var að skapa farveg fyrir þá fjölmörgu Íslendinga sem vildu koma skilaboðum sínum til ritstjórnar DV áleiðis. Þetta var augljóslega eitthvað sem brann á fólki í samfélaginu.“

-mh

Kona dæmd í fangelsi:

Smyglaði hassi inn á Hraunið

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjanes hefur dæmt 25 ára konu í fimm mánaða fangelsi fyrir að smygla hálfu grammi af hassi inn á Litla-Hraun. Fangalutningamenn fundu hassið við leit á henni. Hún var einnig dæmd fyrir margvíslegt hnúpl en frá árinu 2003 hefur hún hlotið sjö fangelsisdóma, aðallega fyrir þjófnaði.

-gag

Ráðherra vísar ábyrgðinni alfarið á raforkusalana

Iðnaðarráðherra segir breytingar á raforkulögum ekki hafa leitt til hækkunar heldur hafi orkufyrirtækin skákað í skjóli þeirra. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur vísar rökum ráðherra á bug. Nýju lög hafi leitt til hækkunar. Framkvæmdastjóri Plastprents segir raforkuverð ódýrara í Makedóníu en hér á landi.

IÐNAÐUR „Hækkunin á raforku til iðnfyrirtækja hefur ekkert með innleiðingu samkeppninnar eða tilskipunar frá Evrópusambandinu að gera heldur notuðu orkufyrirtækin tækifærið á sama tíma og breytingin tók gildi og breyttu hjá sér gjaldskránni,“ segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra.

Pannig svarar hún gagnrýni manna frá Samtökum iðnaðarins og iðnfyrirtækja um að breytingar á raforkulögum hafi leitt til aukins raforkukostnaðar iðnfyrirtækja sem leiðir svo til hækkunar verðs til neytenda.

Valgerður segir að við gjaldskrárbreytinguna hafi orkufyrirtækin fellt út sérstaka taxta sem buðust fyrirtækjunum en kominn hafi verið tími til að breyta því fyrirkomulagi. „Ég gerði mér alltaf grein fyrir því að orkufyrirtækin myndu skýla sér á bak við breytingu raforkulaga í sambandi við ákveðna tiltekt sem þeir hafi þurft að gera,“ segir hún.

Guðmundur Þóróddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, vísar þessum rökum Valgerðar

á bug. „Við vorum alltaf á móti þessum nýju raforkulögum og vissum að breytingarnar myndu þýða hækkun á raforkuverði,“ segir hann. „Þau fólu það meðal annars í sér að við yrðum að afnema þessa taxta þar sem ekki var lengur heimilt að niðurgreiða verð og ekki mátti mismuna kaupendum með því að bjóða einum betra verð í dreifingu en öðrum. Hinsvegar er það rétt hjá Valgerði að þetta var orðið úrelt fyrirkomulag og það var kominn tími til að leggja það niður,“ segir hann. Hann segir enn fremur að raforkuverð sé því fyrst nú á raunvirði til þessara fyrirtækja.

„Við erum með starfsemi í þremur öðrum löndum og nú er svo komið að í öllum þeim, og þar á meðal í Makedóníu þar sem raforka er framleidd með frekar frumlegum hætti, er raforkan ódýrari en hér á landi,“ segir Sigurður Bragi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Plastprents. „Svo erum við að borga um það bil tíu sinnum meira fyrir kílóvattstundina en stóriðjan þannig að annaðhvort erum við að niðurgreiða raforkuna fyrir álverin í landinu eða orkufyrirtækin eru svona illa rekin,“ segir hann. „Það er alveg nægur flótti iðnfyrirtækja úr landi; raforkuseljendur þurfa ekkert að flýta fyrir þeirri þróun,“ segir hann að lokum.

Guðmundur segir að Orkuveitan verðleggi rafmagn frá eigin virkjunum svipað á almennan markað og til stóriðju.

jse@frettabladid.is



HÚS ORKUVEITU REYKJAVÍKUR Iðnaðarráðherra og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur greinir á um það hvort breytingar á raforkulögum hafi leitt til aukins raforkukostnaðar iðnfyrirtækja og hækkana á raforku til neytenda í kjölfarið. Forstjórnin heldur því fram að svo sé en ráðherra vísar því á bug.

Tælenskar

matvörur í úrvali

Frábær verð



na na thai

Skeifan 4
S. 588 1818

VEÐURSPÁ


um hádegi »

SNÖKORN-FALLA
Í gær komust margir ökumenn í hann krappan þegar snjónum kyngdi niður og skyndilega var færðin þung og erfið að komast leiðar sinnar. Þetta kemur okkur alltaf jafn mikið á óvart, já á hverjum einasta vetri. Kalt verður áfram í veðri og hlýnar ekki að ráði fyrr en í næstu viku.

HÖFUÐBORGIN Í DAG


Kaupmannahöfn	2°C hálfskýjað	Paris	7°C hálfskýjað
Oslo	2°C alskýjað	Berlín	3°C heiðskirt
Stokkhólmur	3°C hálfskýjað	Frankfurt	4°C heiðskirt
Helsinki	1°C hálfskýjað	Madrid	10°C heiðskirt
London	10°C alskýjað	Barcelona	11°C hálfskýjað

» **sunudagur**



Strekkingur austan til þar sem hversir meira í kvöld.

» **mánudagur**



Yfirleitt hægur vindur.

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



**10-30%
afsláttur**

Græna torgið í Skútuvogi

- Tolga Klein kokkur frá New York eldar léttu og einfalda heilsurétti
- barnalæknir verður á staðnum milli kl. 14-17 laugardag og veitir upplýsingar um fæði barna, sérstaklega með t.t. fæðuofnæmis og óþols
- kynningar og smakk á t.d. hrísmjólk, hrískökum, grænmetis- og ávaxtasöfum.

Útsala

á öllum pottaplöntum

allt að
**70%
afsláttur**



**40%
afsláttur**

Broste **útsala** í Skútuvogi



Bonsai
799 stk.


Orkideur **999** stk.



Túlipanar 10 stk. **990**


blómaval
heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind



KJÖRKASSINN

Hefurðu áhyggjur af því að fuglaflensa berist hingað til lands?

Já	63%
Nei	37%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telurðu að Íranar séu að þróa kjarnorkuvopn?

Segðu skoðun þína á visir.is



Kaupmenn æfir vegna fríðindakorts Kaupfélags Eyfirðinga:

Hóta að auglýsa ekki hjá KEA

VIÐSKIPTI Formaður Kaupmannafélags Akureyrar segir kaupmenn í félaginu æfa vegna ákvörðunar stjórnenda Kaupfélags Eyfirðinga að hunsu kröfu kaupmannafélagsins þess efnis að hætt verði við útgáfu fríðindakorts fyrir félagsmenn KEA. „Ég vil ekki tala í nafni stjórnar félagsins fyrr en hún hefur fjallað um viðbrögð KEA en mér persónulega finnst koma til greina að kaupmenn hætti að auglýsa í Dagskránni og Vikudegi en báðir þessir miðlar eru að megni til í eigu KEA,“ segir Ragnar Sverrisson, formaður Kaupmannafélags Akureyrar.



RAGNAR SVERRISSON Formaður Kaupmannafélags Akureyrar segir koma til greina að kaupmenn hætti að auglýsa í fjölmiðlum sem KEA á eignarhlut í.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

KEA áformar að senda öllum 9.500 félagsmönnum sínum fríðindakortið í febrúar, þeim að kostnaðarlausu, en gegn framvísun þess geta félagsmenn notið afsláttá í verslunum sem KEA á í samstarfi við.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi KEA, segir að félagið hafi boðið á þriðja þúsund verslunum og þjónustufyrirtækjum í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum upp á samstarf vegna kortsins. Um 100 hafi sýnt því áhuga og í tilkynningu frá KEA segir að þau viðbrögð séu framar björtustu vonum félagsins.

-kk

Jóhannes Jónsson:

Vill opna Bónus í Danmörku

DANMÖRK Jóhannes Jónsson í Bónus segist tilbúinn til samstarfs við danska verslunarfyritækið Dagrofa um opnun Bónus verslana í Danmörku. Þetta kom fram í frétt Berlingske Tidende í gær.

Dagrofa leitast þessi misserin að alþjóðlegum samstarfsaðila og hefur franska fyrirtækið Carrefour verið nefnt í því samhengi. Forstjóri fyrirtækisins segir hugmyndafræðina á bak við Bónus vera góða en hann hafi meiri áhuga á samstarfi við stóran alþjóðlegan aðila. Enda sé markmiðið með samstarfinu að fá betra verð hjá birgjum.

-ks

www.icelandair.is

Evrópa

Verð frá

20.900 kr.*

* Netsmellur til Glasgow.
Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTANDSTAÐUR: ICE 0007 - 01/2006

Þetta flug gefur 3.000 Vildarpunkta

ICELANDAIR
www.icelandair.is



RIÐSTJÓRAR DV Páll Baldvin Baldvinsson og Björgvin Guðmundsson hafa verið ráðnir ritstjórar DV í stað Mikæls Torfasonar og Jónasar Kristjánssonar. Þeir hafa þegar tekið við störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Nýir ritstjórar hafa verið ráðnir á DV

Nýir ritstjórar DV ætla að móta ritstjórnarstefnu sem rúmast innan síðareglna Blaðamannafélagsins en þó þannig að frétttaflutningur blaðsins skipti máli. Stjórn Dagsbrúnar virðir ákvörðun gömlu ritstjóranna um að láta af störfum.

FJÖLMIÐLAR Páll Baldvin Baldvinsson og Björgvin Guðmundsson hafa verið ráðnir ritstjórar DV í stað þeirra Jónasar Kristjánssonar og Mikæls Torfasonar sem sögðu upp störfum í gærmorgun. Páll Baldvin segir að DV verði gefið út þannig að frétttaflutningur blaðsins skipti máli en þó í sátt við lesendur og umhverfi þess.

„Við munum leggja áherslu á og móta ritstjórnarstefnu sem rúmast innan síðareglna Blaðamannafélags Íslands og segja fréttir sem snerta daglegt líf fólks og auka fjölbreytni í frétttaflutningi landsins. Ég hef sjálfur sagt fréttir af pólitík og viðskiptum og með innkomu minni mun kannski vægi þeirra fréttu aukast,“ segir Björgvin.

Málefni DV voru til umræðu á

stjórnarfundum Dagsbrúnar í gærmorgun. Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, segir að stjórn félagsins virði þá ákvörðun ritstjóra DV að láta af störfum.

Stjórnin tók fram í gær að hún ynni eftir starfsreglum þar sem meðal annars væri kveðið á um að stjórnarmönnum væri óheimilt að hlutast til um einstök umfjöllunarefni fjölmiðla í eigu félagsins. Stjórnin væri bara í almennri stefnumótun innan fyrirtækisins.

„Ég tel viðbrögð við þessu máli á réttum stað í fyrirtækinu,“ segir Gunnar Smári um afsögn ritstjóranna. „Það verður oft ófriður um tiltekna starfsemi og þeir sem bera ábyrgð á henni hafa axlað hana og vikið í von um að friður skapist um starfsemina.“

Gunnar Smári telur umræðuna

síðustu daga þar sem „hrópað hafi verið að eigendum að hafa afskipti af ritstjórn DV“ vera á skjön við þá umræðu sem hefur verið í samfélaginu síðustu ár um að tryggja það að eigendur hafi ekki afskipti af fjölmiðlum í sinni eigu.

„Af mörgu finnst mér líka það sérstæðasta síðustu daga að menn hafa gengið fram og sagt frá því að þeir hafi ætlað að kaupa DV út af markaðnum vegna ósættis við umfjöllun um sjálfa sig. Við hljótum að vilja að 365 starfi í anda fjölmiðlafyrirtækja í opnum, lýðræðislegum vestrænum samfélögum. Þau séu óháð eigendum og stórum hagsmunahópum og geti staðist það þegar efnuðustu menn á Íslandi bjóðast til að kaupa blaðið,“ segir Gunnar Smári.

ghs@frettabladid.is

Fríkirkjan helgar guðspjónustu baráttu samkynhneigðra:

Samkynhneigðir predika

RETTINDAMÁL „Guðspjónustan í Fríkirkjunni á morgun verður helguð baráttumáli samkynhneigðra,“ segir Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur.

Hann segir að undanfarið ár hafi fjölgun sóknarbarna aldrei verið meiri í Fríkirkjunni en um fjögur hundruð hafa gengið í söfnuðinn. „Ég tel nokkuð víst að áhersla okkar á jafnrétti eins og í málefnum samkynhneigðra og trúfélaga sé að ná til fólks. Vísýnin og umburðarlyndið sem höfum að leiðarljósi nær til fólksins, ekki síst á þessum tímum,“ bætir hann við.

Í guðspjónustunni munu þau Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, og Ragnhildur Sverrisdóttir, fyrrum blaða-



maður, stíga í stól en þau eru bæði samkynhneigð.

Fríkirkjupresturinn hefur margt við málflytningu Karls Sigurbjörnssonar biskups að segja varðandi þessi málefni. „Til dæmis kom það illa við marga að hann skyldi segja að við mættum ekki henda hjónabandinu á haugana en ég skil ekki hvaða atlega það ætti að vera við mitt hjónaband eða annarra ef samkynhneigðir fengju að giftast,“ segir hann.

Guðspjónustan hefst klukkan tvö og munu þekktir tónlistarmenn leika og syngja.

-jse

HJÖRTUR MAGNI JÓHANSSON FRÍKIRKJUPRESTUR Fríkirkjuprestur verður ekki einn um predikunarstólinn á morgun því Sigursteinn Másson og Ragnhildur Sverrisdóttir verða einnig þess heiðurs aðnjótandi.

NÁM SEM NÝTIST

Mozart, 23.01.–20.02.

Skyggst í klassíska tímabil tónlistarsögunnar og ferill Mozarts rakinn frá æskuárum til dánardags. Hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómveit Íslands leika úr verkum meistarans.

Jómsvíkingasaga, 25.01.–01.03.

Sagan hefur oft verið talin til konungasagna en ekki er ólíklegt að bókmenntalegra áhrifa gæti frá fornaldarsögum. Einstaklega skemmtileg lesning sem víða er getið í íslenskum fornritum.

Verkefnastjórnun I, 30.01.–31.01.

Markmiðið er að kenna hvernig á að gera verkefnisáætlun sem leggur grunn að framkvæmd verkefnis og eftirfylgni.

Kynntu þér fjölbreytt námsframboð á www.endurmenntun.is eða hringdu í síma 525 4444.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- að vaxa og dafna

götu markaður

Nýtt
kortatímabil

verðhrun

Einungis 4 verð í gangi

enn meiri
verð-
lækkun

500kr

1000kr

1500kr

2000kr

nú á
allt að
seljast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver er formaður Kaupmannafélags Akureyrar?
- 2 Hvernig fór æfingleikur Íslands og Noregs í handknattleik?
- 3 Í hvaða landi var farið fram á 17 þúsund ára fangelsi yfir herforingja?

SVÖR Á BLS. 54

Austfirðir skera sig úr í fjölda innflytjenda:

Fjórði hver karl er útlendur

INNFLYTJENDUR Hvergi á landinu eru erlendir ríkisborgarar hærra hlutfall af íbúafjölda en á Austfjörðum. Þar eru heil 17 prósent íbúa með erlent ríkisfang meðan hlutfallið á landsvísi er 4,5 prósent og hefur aldrei verið hærra eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Þessar tölur eiga vel að merkja aðeins við um innflytjendur sem enn halda sínu erlenda ríkisfangi. Í raun eru innflytjendur mun fleiri því fjölmargir hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt gegnum árin og hætta því að teljast erlendir ríkisborgarar. Hjá Hagstofu Íslands liggja ekki fyrir

tölur um heildarfjölda innflytjenda en giskað er á að talan geti verið nálægt tuttugu þúsundum þegar allt er reiknað.

Austfirðir skera sig úr að öðru leyti eins og meðfylgjandi tafla Hagstofunnar ber með sér en þar má sjá að karlmenn með erlent ríkisfang eru hvorki fleiri né færri en tuttugu og fimm af hundraði allra karla á svæðinu. Fjórði hver karlmaður á Austfjörðum er því erlendir ríkisborgari. Vestfirðir skera sig líka úr að nokkru leyti en þar er hlutfall erlendra ríkisborgara nokkru hærra en landsmeðaltalið en kynjahlutfallið er öfugt miðað við Austfirði, það eru

HLUTFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA EFTIR KYNI OG LANDSVÆÐUM

	Alls	Karlar	Konur
Höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur	2,7	2,7	2,7
Reykjavík	4,7	4,6	4,8
Suðurnes	5,0	5,2	4,9
Vesturland	4,6	4,9	4,2
Vestfirðir	6,2	5,8	6,6
Norðurland vestra	2,7	2,1	3,3
Norðurland eystra	2,3	2,0	2,5
Austurland	16,9	24,6	6,4
Suðurland	4,5	4,1	4,9
ALLS	4,5	5,0	4,1

fleiri erlendar konur fyrir vestan en karlar. - ssal

Danskir jafnaðarmenn:

Vilja herinn heim frá Írak

DANMÖRK Danski Jafnaðarmannaflokkurinn, ásamt flokki rötækra, vill að danska herliðið í Írak verði kallað heim í sumar.

Formaður flokksins, Helle Thorning-Schmidt, segir að Danir, eins og aðrar þjóðir sem hafi sent herliði til Íraks, verði að endurskoða áframhaldandi hersetu í landinu.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Dana, lét hafa eftir sér í dagblaðinu Berlingske Tidende að þessi stefnubreyting jafnaðarmanna sé tilkomin vegna þrýstings frá vinstri armi flokksins og ekki síst frá formanninum fyrrverandi, Mogens Lykketoft. - ks

NISSAN MICRA



SKIPT_ um stíl



2006

SVAKA SÆT OG SJÁLFSKIPT LÍKA!

Micra sjálfskiptur
Verð 1.490.000,-

Micra beinskiptur
Verð 1.360.000,-

Micra er frísk og skemmtileg, falleg, finleg og svo eyðir hún næstum engu. Hún er svo gott sem hinn fullkomni förunautur!

Nýárstilboð – 50.000,- kaupauki

Öllum Nissan Micra sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk.



Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



LEITA ÁSTVINA Fjölskylda frá Malasíu skoðar í gær mynd af móðurinni Ruspita Lubis, sem var meðal þeirra sem trúðust undir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

363 manns létu lífið í troðningnum í Sádi-Arabíu:

600.000 voru í mannþrönginni

SÁDI-ARABÍA, AP Það voru allt að 600.000 pílgrímar sem í fyrradag reyndu að komast að múslimahlégistaðnum al-Jamarat í Mina utan við Mekka þegar ósköpin dundu yfir í fyrradag, á síðasta degi Hajj-pílgrímahátíðarinnar. Í mannþrönginni sem mjakaðist í gegnum innganginn að svæðinu voru fjórir menn á fermetra. Við þessar aðstæður þurfti ekki meira til en að nokkrum í þrönginni yrði fótaskortur á farangri í gangvegnum til að hrinda af stað hópþroðningi sem endaði með því að

363 manns, þar af að minnsta kosti 85 konur, trúðust undir.

Talsmaður sádi-arabíska innanríkisráðuneytisins, Mansour al-Turki, sagði á blaðamannafundi í gær að lögregla á staðnum hefði gripið til aðgerða til að dreifa mannföldanum um leið og troðningurinn hófst. Lögreglan reyndi sitt besta til að sjá til þess að pílgrímarnir bæru ekki farangur á sér um svæðið, einmitt vegna hættunnar á að fólk dytti um hann, en erfitt væri við það að eiga þegar fjöldinn væri svona mikill. - aa

MESTA ÚRVÆL

SÝNING UM HELGINA!
laugardag 10-16
sunnudag 13-17



YFIRBURÐIR



Arnar Kristín

LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM. HAFÐU SAMBAND VIÐ RÁÐGJAFNA OKKAR NÚNA!



www.vikurverk.is

TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720


SKRIFSTOFUVÖRU MARKAÐUR

ALLT AÐ

90%

AFSLÁTTUR
LOKAHELGI

Suðurlandsbraut 14



Kaffihorn



Boðið er upp á rjúkandi heitt kaffi og
piparkökur, gómsætar Sómasamlokur og
kalda drykki frá Vífilfelli í kaffihorninu okkar!

Lokahelgi!
Gerðu góðan
díl...ó jééé!



SKRIFSTOFUVÖRUR

Suðurlandsbraut 14 • laugardag 10:00-16:00 • sunnudag 12:00-16:00

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Peir sem kröfðust þess að ritstjórar DV sættu ábyrgð verða að gera sömu kröfur til sjálfs sín.

Ný viðmið um ábyrgð

Þetta hefur verið undarleg vika. Það gerist ekki oft að viðlíka uppnám grípi þjóðina og varð við þau hörmulegu tíðindi sem bárust á þriðjudag, að maður hefði svipt sig lífi í kjölfar fréttaflutnings DV. Á eftir fylgdu viðbrögð sem eiga sér fá forðæmi. Ritstjórar DV, útgefendur og eigendur fyrirtækisins, sem gefur blaðið út, fengu yfir sig skriðu af ásökunum, þar á meðal féllu þung orð sem voru í eðli og inntaki af nákvæmlega sama toga og blaðið var sakað um að nota í fréttaflutningi sínum.

Ekki er hægt að segja að DV-menn hafi brugðist vel við gagnrýninni. Það var sorglegt að horfa á ritstjóra blaðsins neita viðtölum við fréttakonu NFS og vísa henni á dyr með þeim orðum að ekki mætti mynda á ritstjórninni, hún hefði átt að hringja á undan sér og svör þeirra gæti hún heyrt í Ríkissjónvarpinu síðar um kvöldið. Ef það eru einhverjir sem geta ekki leyft sér að láta ágengan fréttaflutning fara í taugararnar á sér eru það þeir sem réðu ríkjum á DV.

Það hefur verið stór galli á DV hvað það hefur átt erfitt með að viðurkenna og biðjast afsökunar þegar blaðinu hafa orðið á mistök. Þegar ekið er hratt og glannalega, missa menn stundum af beygjum og enda úti í skurði. Mistök eru nánast óhjákvæmilega fylgífiskur blaðamennsku eins og hefur verið stunduð á DV. Eitt megineinkenni DV hefur verið þrálátar fréttir og harmsögur af algjörlega óþekktu ógæfufólki og einstaklingum sem sumt hvert gat illa borið hönd fyrir höfuð sér, jafnvel vegna andlegra veikinda. Og fyrir þá stefnu hafa Mikael Torfason og Jónas Kristjánsson golið með störfum sínum.

Hins vegar má fyrir alla muni ekki gleyma því að DV réðst langt í frá einungis á garðinn þar sem hann er lægstur. Blaðið flutti líka hik- og refjalaust fréttir sem komu illa við auðmenn, frægðarfólk, stjórnmálamenn og aðra sem eiga mikið undir sér. Og DV þeirra Mikael og Jónasar á sér ekki síður merkilega sögu við að fletta ofan af hættulegum ofbeldis- og glæpamönnum á beinskeyttari hátt en aðrir íslenskir fjölmiðlar. Lögðu þeir þar með sjálfa sig og fjölskyldur sínar í hættu sem þurfti að taka mjög alvarlega. Það þarf góðan skammt af hugrekki og þreki til að vera í forsvari við blað eins og DV hefur verið, og hafa Mikael og Jónas nóg af hvoru tveggja.

Undanfarna daga hefur verið klifað á því sem aldrei fyrr að Ísland sé of lítið fyrir blað eins og DV. Eg er þvert á móti sannfærður um að það sé ekki aðeins pláss heldur beinlínis þörf fyrir ágennt og harðsnúid dagblað hér á landi.

Ef nota má orðið jákvætt um einhverja atburði þessarar vikur þá er það sú þverpólítíska samstaða sem skapaðist allt frá ungliða-hreyfingum til þingflokka stjórnmálahreyinga landsins. Og það er ekki meint í þeim skilningi að það hafi verið jákvætt að þessir hópar skyldu taka höndum saman gegn DV, þvert á móti var sú aðkoma stjórnmálalífsins ankannaleg. Nei, það sem var jákvætt var sú eindregna þverpólítíska samstaða upprennandi og núverandi stjórnmálamanna um að menn verði að taka ábyrgð á gjörðum sínum.

Hingað til hefur það ekki beinlínis verið stíll íslenskra stjórnmálaforingja að axla ábyrgð. Venja þeirra er að setja undir sig höfuðið og biða af sér vond veður þegar þeir hafa orðið uppvisir að einhverjum afgangum. Þannig sitja til dæmis sem fastast tveir ráðherrar í ríkisstjórn landsins sem hafa gerst sig seka um embættisfærslur sem kærunefndir og dómstólar hafa úrskurðað gegn og kostað skattborgara tugi milljóna.

Peir sem krefjast þess af öðrum að taka ábyrgð verða að gera það sjálfir. Það færir aldrei sem svo að viðbrögð flokkanna í þessari viku væru ávísun á siðbót í íslenskum stjórnmálum?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hægri grænir?

Eru að verða breytingar á viðhorfum fólks til vatnsaflsvirkjana og stóriðju? Eru æ fleiri að komast á þá skoðun í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar að nú sé nóg komið? Umræður manna á meðal benda í þessa átt. Jafnvel er talað um að slík viðhorfsbreyting eigi sér hljómgrunn meðal áhrifamanna í stjórnarflokkunum. Ýmsir telja að mikil gerjun sé þar í gangi, ekki síst innan Sjálfstæðisflokksins. Íhaldsmenn í Bretlandi hafa gert umhverfismál og náttúruvernd að einu höfuðmáli sínu eftir að David Cameron var kjörinn formaður flokksins. Ýmsir sjálfstæðismenn eru sagðir vilja feta í sömu fótspor. Kannski verður farið að tala um „hægri græna“ innan skamms.

Framsókn líka

Í Framsóknarflokknum er líka gerjun á þessu sviði, sérstaklega í Reykjavík.

Þar eru önnur sjónarmið en úti á landi um atvinnuskapandi áhrif stóriðju og virkjana. Segja má að Gestur Gestsson, rúmlega þrítugur umhverfisverkfæðingur, ríði á vaðið með grein á vefsíðu sinni, gestur.is. Gestur, sem er fram-bjóðandi í prófkjöri Framsóknarflokksins vegna komandi borgarstjórnkosninga, vill að borgin beiti sínum áhrifum innan stjórnar Landsvirkjunar til „að vernda þá perlu íslenskrar náttúru sem Þjórsárverin eru“, eins og hann kemst að orði.



„Þjórsárverin hafa mikla alþjóðlega þýðingu, bæði hvað gróðurfar varðar sem og vegna dýralífs. Öll röskun á þessu svæði hefur mikil áhrif á þetta

viðkvæma vistkerfi og má ekki gera neitt sem rýrir það eða gæti rýrt það. Gildir einu um hvort svæði sé innan einhverrar línu á korti eður ei“, skrifar hann.

Löglegar leiðir

Gestur skrifar: „Stóru fjallasvæðin sem hafa verið mest nýtt fram að þessu, Þórsárver og Landmannalaugasvæðið eru orðin afar ásetin og mega varla við meiri ágangi frá okkur útivistarfólkinu. Er því eðlilegt að horft verði til Kerlingarfjalla og svæðisins sunnan Hofsjökuls þegar leitað er leida til að draga úr því álagi og taka við þeirri aukningu í ferðamennsku sem fyrirjóránleg er. Þar gegna Þjórsárverin lykilhlutverki. Er því ljóst að þetta svæði kemur til með að hafa sífellt meira gildi í náttúruvernd og útivist. Það fer ekki saman við virkjun svæðisins, því miður.“

gm@frettabladid.is

Líf á útfjólublárrí öld

Nú eru liðin rétt tuttugu ár frá fyrstu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um þann umhverfisvanda sem stafar af losun klórflúorkefna (CFC) sem eyða ósonlaginu. Sem betur fer náðist víðtæk samstaða um að taka á vandanum og á einum áratugtókst að minnka losun þeirra um 80%. Þetta dæmi sýnir glögg hvílu grettistaki hægt er að lyfta í umhverfismálum þegar samstaða næst og almennur skilningur ríkir á umfangi vandans. En þrátt fyrir einstæðan árangur á stuttum tíma var heilmikill skaði skeður. Talið er að ósonlagið muni ekki ná jafnvægi aftur fyrr en um 2070. Við sem nú erum á besta aldri og börnin okkar munum því lífa á „útfjólubláu öldinni“.

Af þessu dæmi má draga ýmis konar lærdóm, góðan sem slæman. Það sýnir í fyrsta lagi hversu miklu er hægt að áorka í umhverfisvernd á skömmum tíma ef pólitískur vilji er fyrir hendi. En það sýnir líka að sinnuleysi um lengri eða skemmri tíma getur dregið langan dilk á eftir sér. Ýmis önnur efni eiga það sameiginlegt með CFC-efnum að þegar umfang þeirra eykst í andrúmsloftinu er ekki auðvelt að snúa þeirri þróun við. Ef koltvísýringisútblástur heldur áfram að aukast mun það t.d. taka margar aldir að snúa þeirri þróun við. Afleiðingarnar fyrir vistkerfi jarðar eru ófyrirsjáanlegar, en eitt er ljóst: Þær verða bæði miklar og afdrifaríkar. Aðeins ein raunhæf leið til þess er fær að svo komnu: Að draga úr orkunotkun. Og þar má gera ýmislegt betur en nú er gert.

Langsamlega stærsti þátturinn í útblæstri koltvísýringis á heimsvísu er bílaumferð. Alls mun um fimmtungur hans stafa af notkun fólksbíla. Þetta bætist ofan á alla

Í DAG UMHVERFISMÁL

SVERRIR
JAKOBSSON



Langsamlega stærsti þátturinn í útblæstri koltvísýringis á heimsvísu er bílaumferð. Alls mun um fimmtungur hans stafa af notkun fólksbíla.

þá mengun aðra sem stafar af bílaumferð, hið grófarlega landflæmi sem fer í umferðarmannvirki og öll þau mannslíf sem farast í umferðinni á ári hverju. Hingað til hafa stjórnmálamenn hunsað allar neikvæðar afleiðingar sem stafa af notkun fólksbíla, en þeir geta ekki komist upp með það öllu lengur. Ábyrgir stjórnmálamenn um allan heim eiga þann kost einan að beita öllum mögulegum ráðum til þess að yta undir samneyslu á þessu sviði. Þetta skilja borgaryfirvöld víða, t.d. í London og París.

Í maí verður kosið í sveitastjórnir á Íslandi. Á verksviði sveitastjórna er að skipuleggja þéttbýli, m.a. með tilliti til umferðarmannvirka. Á sveitastjórnarmönnum um allt land, en þó allra helst á höfuðborgarsvæðinu, hvílir nú sú ábyrgð að skipuleggja umferð með nýjum hætti, með það að markmið að draga sem mest úr henni. Það væri beinlínis glæpsamlegt við núverandi aðstæður að velja til forystu fólk sem ekki

vill horfast í augu við þann vanda sem hvílir á allri heimsbyggðinni vegna óhóflegs koltvísýringisútblásturs. Stjórnmálamenn sem leggja stein í götu almennings-samgangna og kalla sig „vini einkabílsins“ eru ekki vænlegur kostur fyrir fólk sem vill horfa til framtíðar. Það blasir við að 21. öldin verður ekki öld einkabílsins og því fyrr sem gerum okkur grein fyrir því, þeim mun betri framtíð sköpum við okkur sjálfum.

Enda þótt okkur tækist að gera róttækar breytingar á umferðarmenningu Íslendinga standa eftir sem áður eftir mengunarsvandamáli sem fyrirhyggjulitlir stjórnmálamenn hafa skapað. Höfum í huga að fyrirhugað álver á Reyðarfirði kemur til að með að losa sama magn koltvísýringis út í andrúmsloftið og allir fólksbílar á Íslandi. Samt sem áður var bygging Kárahnjúkavirkjunar samþykkt með 44 atkvæðum gegn 9 á alþingi, en tveir þingmenn sátu hjá. Aðeins einn stjórnmálaflokkur, Vinstri hreyfingin - grænt framboð, stóð einarður á móti og lét framtíðarsjónarmið ráða. Þessi niðurstaða olli vonbrigðum og enn er fólk að láta heyrja í sér til að mótmæla þessu. Það er ekki ábyrg afstaða fyrir Íslendinga að skerast úr leik þegar tekist skal á við alheimsvalda sem varðar okkar litla eyjarsamfélag afar miklu.

Enn sem komið er hefur losun koltvísýringis ekki breytt lífi okkar jarðarbúa að verulegu leyti. Hugsanlega er það ein ástæða fyrir sinnuleysinu. Það breytir hins vegar ekki því að ef sama þróun heldur áfram verða afleiðingarnar miklar og langvarandi. Ef einhver kynslóð ætti að skilja það þá erum það við sem lifum á útfjólubláu öldinni. ■

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF.TV

HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

PRÚTTDAGAR

12.-15. janúar.

Yfir 120 1½-2ja ára
vel yfirfarnir og skoðaðir bílar
á vetrardekkjum í boði.

„A special price
only for you my friend“

Dæmi um bíla til sölu:

Nissan Almera 2004
vél 1500 cc 5 gíra
Ásett verð: 1.250.000 kr.
Prúttverð: 990.000?



Nissan Micra 2004
vél 1400 cc 5 gíra
Ásett verð: 1.050.000 kr.
Prúttverð: 850.000?

Nissan Primera 2004
vél 1800 cc sjálfskiptur
Ásett verð: 1.790.000 kr.
Prúttverð: 1.450.000?



Komdu og prúttuðu verðið niður

Prútt-punktar fyrir byrjendur:

Á Prúttdögum Toppbíla geturðu grætt tugbúsundir með réttum undirbúningi.

- Finndu út áður en þú byrjar að prúttu hvað getur talist sanngjarnt verð fyrir bílinn og miðaðu við það.
- Segðu aldrei já við fyrsta tilboði.
- Sýndu sterk svipbrigði þegar lélegt tilboð er lagt fyrir þig.
- Segðu: „Fyrirgefðu, ég held þú getir boðið betur en þetta“, og bíddu svo pollróleg(ur).
- Ekki vera fyrri til að stinga upp á að skipta mismuninum.
- Hafðu eitthvað uppi í erminni sem þú ert tilbúin(n) að gefa eftir, svo að báðir aðilar gangi sáttir frá borði.



SP-FJÁRMÖGNUN

Aðeins 10% útborgun og
allt að 50% afsláttur af lántökugjöldum
af völdum bílum.



TOPPBÍLAR

b í l a s a l a

Nýja bílasölusvæðinu, Kletthálsi 2, sími 5872000, www.toppbilar.is

Opnunartími: Fimmtudag og föstudag kl. 10-22 og laugardag og sunnudag kl. 11-18.

DV Helgarblað



Árni Guðmundsson verður jarðaður í dag



Eiginkonan og börnin sex syrgja en fjölskyldan sundraðist í kjölfar veikinda hans



Hefur þú séð DV í dag?

MAÐUR VIKUNNAR

Markaði djúp spor í íslenska blaðamennsku

JÓNAS KRISTJÁNSSON
FYRRVERANDI RITSTJÓRI

DV og fréttatflutningur þess var mál málan na í vikunni og tilkynntu ritstjórnir, Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason, afsögn sína í gær. Sá fyrrnefndi er maður vikunnar.

Jónas Kristjánsson er fæddur í Reykjavík hinn 5. febrúar árið 1940, sonur Kristjánssónar læknis og Önnu Pétursdóttur bókara. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1959 og BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1966. Jónas er kvæntur Kristínu Halldórsdóttur, sem áður sat á þingi fyrir Kvinnalistann og var framkvæmdastjóri Vinstri grænna. Saman eiga þau fjögur börn.

Afskipti Jónasar af blaðamennsku hófust snemma; árin 1961 til 1964 var hann blaðamaður og fréttastjóri á Tímanum, hann var fréttastjóri Vísis frá 1964 til 1966 þegar hann tók við ritstjórn blaðsins. Því starfi gegndi hann til 1975 þegar hann söðlaði um til að ritstýra Dagblaðinu. Árið 1981 voru blöðin sameinuð í Dagblaðið-Vísí og hélt Jónas um stjórnartaumana allar götur til 2002. Þá tók hann við ritstjórn Fréttablaðsins en var ekki endurráðinn eftir að það skipti um eigendur sama ár. Ritstýrði hann þá hestamannatímaritinu Eidfaxa þar til hann var ráðinn ritstjóri DV í fyrria.

Auk blaðamennskunnar hefur Jónas skrifað fjölmörg rit og greinar sem oftast en ekki lúta að áhugamálum hans; hann er elskur að hestum og hefur gefið út mörg rit á sviði hrossaræktar. Hann er víðförull matgæðingur og hefur skrifað um merkar heimsborgir, matarmenningu og veitingahús. Landbúnaðarmál eru honum einnig hugleikin og hann hefur beitt sér mjög gegn landbúnað-

arstefnu íslenskra stjórnvalda í leiðurum og á öðrum vettvangi.

Engum dylst að áhrif Jónasar á íslenska fjölmiðlun eru mikil. Hann er víðlesinn í fjölmiðlafræðum, hefur ávallt fylgst vel með því sem tíðkast erlendis og oft verið í fararbroddi við að innleiða nýjungar hér á landi. Hann hleypti nýju lífi í Vísí á sínum tíma sem hafði verið gengið illa um skeið. Lengst af stýrði hann blaðinu í sátt við eigendurna, sem voru kaupsyslumenn úr innsta hring Sjálfstæðisflokksins. Jónas hefur hins vegar aldrei verið hrifinn af þjónkun við valdhafa og hætti eigendum að lítast á blikuna eftir því sem gagnrýnistönn blaðsins í garð stjórnvalda hækkaði. Jónas gafst upp að lokum og fékk sig lausan ásamt Sveini Eyjólfssyni, framkvæmdastjóra Vísis, og stofnuðu þeir Dagblaðið sem þeir lýstu yfir að skyldi vera óháð öllum stjórnmalaflokkum, þvert á það sem áður tíðkaðist hér á landi.


Jónas sinnir starfi sínu af lífi og sál og er meðal annars haft eftir honum að það fari ekki saman að ritstýra dagblaði og eiga vini.

Jónas þykir harður húsbóndi en sanngjarn; hann fær sínu framgengt og leyfir engum að komast upp með múður. Hann hélt sér gjarnan í fjarlægð frá starfsfólki sínu og hafði ekki samskipti við það nema á fundum, sem voru þó býsna tíðir. Hann er sagður gera miklar faglegar kröfur til blaðamanna sinna sem leggi að sama skapi hart að sér við að standa undir þeim. Hann líður engum að setja sig á háan hest gagnvart sér og hikar ekki við að lækka í þeim rostann.

Fræg er sú setning sem Jónas telur að eigi að vera til grundvallar í blaðamennsku: Hver, hvað, hvar, hvernig, hvers vegna, hvað svo. Hann er líka höfundur hugtaksins „krana-blaðamennska“, sem þýðir gagnrýnislaus fréttamennska þar sem blaðamaður skrifar frá viðmælandanum eins og krana. Á slíkri blaðamennsku segist hann hafa ímugust.

Margir töldu að ritstjórnarferill Jónasar á dagblaði væri allur þegar hann hætti á Fréttablaðinu en í fyrria var hann ráðinn í stað Illuga Jökulssonar við hlið Mikael Torfasonar sem ritstjóri DV. Að sögn hefur stjórnunarstíll Jónasar mýkst eftir að hann hóf aftur störf þar. Stefna blaðsins er vissulega óvægðari og í öðrum anda en áður, svo ekki sé minnst á umdeildari, en Jónas hefur notið trausts blaðamanna sinna enda varið þá af krafti í erfiðum málum.

Nú hefur Jónas látið af störfum á DV og enn á ný spá fáir því að hann muni ritstýra dagblaði aftur.



REYKINGAR ERU EKKI GRENNANDI

Reykingar eru alls enginn megrunarkúr og sígarettan versti einkabjálfi sem völ er á. Ertu að misskilja eitthvað?



LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lífið heil



Útsala

á ÖLLUM vörum
Húsasmiðjunnar*

allt að

80%
afsláttur

99.900

~~129.900~~



32" Prolux LCD sjónvarp
m/Samsung skjá
1802571

PROLUX



139.900

~~159.900~~



42" Wide Prolux Plasma
m/Samsung skjá
1802570

*Nema af stjörnumerktum vörum

Allar vörur
á útsölu



HÚSASMIÐJAN

...ekkert mál

Í toppformi með



ÍSLENSKA AUGLUSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30879 01/2006

Stórsýning um helgina. „Hraðar, hærra, sterkar.“

Ástsælustu bílar Íslandssögunnar bíða þín á stórsýningu Toyota á Nýbýlaveginum. Komdu og reynsluaktu nýjum Toyota og þú færð vikukort í Iceland Spa & Fitness.

10 heppnir ökumenn sem reynsluaka fá árskort í Iceland Spa & Fitness.

Boðið verður upp á ljúffengar og hollar veitingar.

Sérstakt sýningartilboð frá Glitni er 90% lánshlutfall og allt að 50% afsláttur af lántökugjöldum.

Nýtt ár, nýr Yaris, nýr Hilux og glænýr Aygo. Þetta verður gleðilegt ár.



Opið laugardag frá kl. 12 til 16 og sunnudag frá kl. 13 til 16.



Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fosnesi 14
SELFÖSS
Sími: 480-8000

Toyota



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.071 +1,03% Fjöldi viðskipta: 928
Velta: 16.680 milljónir

MESTA HÆKKUN

Atlantic Petrole. +2,31%
Straumur +2,30%
KB banki +1,77%

MESTA LÆKKUN

Össur -1,70%
Actavis -1,23%
SÍF -1,15%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 56,10 -1,20% ... Atorka 6,85 -0,70% ... Bakkavör 56,30 +0,00% ... Dagsbrún 5,80 +0,90% ... FL Group 22,00 +1,40% ... Flaga 4,30 +0,00% ... Íslandsbanki 20,10 +1,00% ... KB banki 804,00 +1,80% ... Kögun 65,90 +0,80% ... Landsbankinn 27,30 +1,10% ... Marel 71,00 -0,70% ... Mosaic Fashions 19,20 -0,50% ... SÍF 4,29 -1,20% ... Straumur-Burðarás 17,80 +2,30% ... Össur 115,50 -1,70%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

FlyMe to the moon

Frank Sinatra söng um árið „Fly me to the moon“ og Pálmi Haraldsson hefur tekið þann gamla á orðinu. Gengi bréfa flugfélags Pálma, FlyMe, í Gautaborg hefur tvöfaldað á árinu. Og það er nú ekki eins og mikið sé liðið af því blessuðu. Pálmi og félagar ætla sér miklu lengra en þetta og nú er Ticket, sem Pálmi á reyndar líka í, farið að selja miða fyrir FlyMe af fullum krafti á ný eftir að félagið fékk traust á ný eftir að hafa lent í kuldanum vegna bágrar fjárhagsstöðu. Stefnan er því klárlega tekin á tunglið, en svo er bara að sjá hvernig til tekst.

Lansinn kynnist Sviagrýlunni

Lengi var talað um Sviagrýluna þegar íslenskir handboltamenn mættu sænska landsliðinu. Þessi grýla var talin sálræn hindrun í því að sigra lið Svía. Eins og flestir vita er Grýla sennilega ekki til og skýringin á slöku gengi Íslendinga gegn Svíum líklegast sú að þeir eiga afburðaiþróttamann og sænska handboltalandsliðið er að jafnaði helmingi betra

en það íslenska. Ein er sú Sviagrýla sem sennilega er til. Það er stjórnarmenn í sænskum fyrirtækjum sem Íslendingar hafa fjárfest í. Þeir láta stundum ófriðlega og pirra sig á því að örpjóðin sé að ybba sig í útlöndum. Þessu fengu Kaupþingsmenn að kynnast á sínum tíma og Landsbankinn hefur fengið að kynnast Sviagrýlu eða öllu heldur Sviáfýlu í samskiptum við stjórnarmenn í valnefnd til stjórnar Carnegie.



MARKAÐSPUNKTAR

Alls námu hlutabréfaviðskipti í **Kauphöll Íslands** á föstudag rúmum 16,7 milljörðum króna. Mest voru viðskipti með bréf í **Landsbankanum**, fyrir rúma 4,2 milljarða.

Mest hækkun varð á bréfum í **Atlantic Petroleum**, rúmlega 2,3 prósent. Lítil minni hækkun varð á bréfum í **Straumi-Burðarási**. Bréf í **Össuri** lækkuðu mest, um 1,3 prósent.

5,4 prósentu verðbólga var í Bandaríkjunum árið 2005 og hefur hún ekki mælst meiri í fimmtán ár. Mestu munandi um verðhækkunar á olíu. Olíuverð hækkaði um tæpan fjórðung á árinu.



STARFSMENN STRAUMS-BURÐARÁSS

Kaupa bréf fyrir 1,4 milljarða króna og fær sölurétt.

Straumfólk kaupir hluti

Tíu lykilstarfsmenn Straums-Burðarás hafa fest kaup á hlutabréfum í félaginu fyrir 1,4 milljarða króna. Kaupendunum er skylt að eiga bréfin í tvö ár en kaupin fara fram á genginu 17,4 sem var lokaverð á fimmtudaginn.

Þeir sem kaupa mest greiða 261 milljón króna fyrir fimmtán milljónir hluta.

Straumur hefur jafnframt veitt starfsmönnum sölurétt sem ver þá mögulegu tapi. Kaupin eru ekki fjármögnuð af Straumi. - eþa

Olíusjóðurinn setur Boeing í straff af siðferðisástæðum

Norski ríkislífeyrissjóðurinn, eða olíusjóðurinn eins og hann hefur verið kallaður, hefur sett sjö erlend fyrirtæki á bannlista vegna aðildar þeirra að kjarnorkuvopnaframleiðslu. Meðal þessara félaga eru Boeing, BAE Systems og Honeywell International.

„Samkvæmt siðareglum Norska ríkislífeyrissjóðsins skal útiloka fjárfestingar í alþjóðlegum fyrirtækjum sem framleiða vopn sem eru skaðleg öllum grundvallar mannúðar-sjónarmiðum,“ segir í tilkynningu frá norska fjármálaráðuneytinu.

Fyrirtækjunum var gefinn kostur á að skýra sín sjónarmið en aðeins vopnaframleiðandinn Northrop Grumman gerði svo í bréfi til Norska seðlabankans. Sjóðurinn, sem er annar stærsti lífeyrissjóður



BOEING 737-800 Flugvélaframleiðandinn hefur verið settur á bannlista hjá Norska ríkislífeyrissjóðnum vegna aðildar sinnar að kjarnorkuvopnaframleiðslu.

ur Evrópu, mun draga úr fjárfestingum sem tengist þessum félögum fyrir upphæð sem samsvarar 33 milljörðum króna. - eþa

KB banki selur í Mosaic

KB banki hefur selt sex prósentu hlut í Mosaic Fashions fyrir 3,8 milljarða króna.

Viðskiptin fóru fram á genginu 18 krónur á hlut en markaðsgengið á sama tíma var talsvert hærra eða 19,2 krónur.

Fer eignarhluturinn bankans í Mosaic Fashions niður í þrjú prósent. Þá seldi Employee Trust Fund hluti fyrir 72 milljónir.

KB banki keypti hlut í Mosaic samhliða útboði sem bankinn sá um síðasta sumar og hafa bréfin hækkað um 40 prósent frá útboðinu. Stefna bankans er að fylgja félögum á leið í slíkum kaupum og innleysa hagnað þegar tækifæri gefst. Hlutir KB banka fóru til hóps fjárfesta sem samkvæmt heimildum var ekki flöggunarskyldur. Það er að enginn er innherji sé að fara yfir flöggunarmörk. - eþa

Mercedes-Benz.

Aðeins 24.590 kr. á mánuði*

VIÐURKENNT SÖLU-
OG ÞJÓNUSTUUMBOD
MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR
VERKSTÆÐI · VARAHLUTIR
HRADÞJÓNUSTA

*Miðað við 20% útborgun (A150 Classic, 5 dyra, beinsk.) og gengistryggðan bílasamning hjá SP fjármögnun til 84 mánaða. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur.

A 150 95 hestöfl, beinskíptur. Verð 2.095.000 kr. • A 160 CDI 82 hestöfl, sjálfskíptur. Verð 2.713.000 kr. • A 170 116 hestöfl, sjálfskíptur. Verð 2.723.000 kr.

Útsala

allt að 50% afsláttur



Nú er tíminn til að gera góð kaup!

Opið í dag, laugardag kl. 11 - 16.



HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is
Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.

Grafíska smíðjan ehf. 01-06



Í nýrri kynslóð A-Class mætast klassísk gildi Mercedes-Benz og verð sem þú hefur ekki áður séð. A-Class er ekki einungis stærri og rúmbetri en fyrirrennari hans heldur mýkri og rennilegri. Auk þess er hann hlaðinn búnaði, s.s. upphituðum rúðusprautum, fjölrofa stýrishjóli, stefnuljósum í rafstýrðum og hituðum hliðarspeglum, ASR spólvörn, ESP stöðugleikastýringu o.fl. o.fl. Komdu og reynsluaktu nýjum A-Class.



Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

Paraskevidekatriaphobia!

Í Dagbók Práins Bertelssonar er að þessu sinni meðal annars fjallað um sannleikann – sem stórhættulega söluvöru. Svo er sagt frá fuglaflensu, múgsefjun, ritskoðun, prentvillupúkanum og fleiri djöflum sem ganga ljósum logum í samfélaginu.

■ HELGIN 7.- 8. JAN.

Sjötugsafmæli

Í dag, 8. jan. hefði Elvis Aaron Presley orðið 71 árs. Vonandi dvelst hann núna á Heartbreak Hotel, flottasta gistihúsinu í Himnaríki og nærast á diet-nektar og sykurskertri ambrósíu og lýsi og er steinhættur í ruslfæðinu.



■ MÁNUDAGUR, 9. JAN.

Loksins, loksins!

Síðan klukkan 7 í morgun eru til 300 þúsund Íslendingar í veröldinni. Heildaríbúatala heimsins er talin vera 6.491.105.371. Af einhverjum ástæðum er gæðum jarðarinnar daldið misskipt milli íbúanna: til dæmis hefur 1% jarðarþáa jafnmikla peninga milli handanna og þau 57% sem minnst hafa. Mörgum finnst þessi ójöfnuður hið besta mál, einkum ef þeir tilheyra litla forréttindahópnum. Verra með hina.

Vísindamenn við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð segja að fuglaflensan sé ekki eins hættuleg og af er látið.

■ ÞRIÐJUDAGUR, 10. JAN.

Prentvillupúkinn og fleiri djöflar

Nú eru Norðmenn farnir að deila við Svía um fuglaflensuna. Norð-

menn eru svartsýnir og segja að flensan sé lífshættuleg. Kannski maður fái þá bráðum að heyra í Elvis.

Fór á fund upp á Fréttablað. Ekki tókst mér samt að hafa uppi á prentvillupúkanum sem eyðilagði síðustu dagbókarfærslu fyrir lesendum og mér. Fyrirsögnin á Kæra Dagbók í síðustu viku frá minni hendi hljóðaði svona: ÓKEYPIS BRENNIVÍN – LAUSN Á ÞJÓÐFÉLAGSVANDA. Ég var nefnilega að benda á þá mannúðarstefnu að sjá ólæknandi áfengissjúklingum fyrir ókeypis mat og áfengi (nóg bruðlar nú ríkið með vín og veisluþöng handa þeim sem hafa efni á að kaupa sér þetta sjálfir), en fyrirsögnin sem birtist var svona: ÓKEYPIS FRÉTT – LAUSN Á ÞJÓÐFÉLAGSVANDA. Það getur vel verið að það sé ekki í tísku lengur að trú á ljóta kallinn, en ég fyrir mína parta er sannfærður um að prentvillupúkinn lifir góðu lífi, hvort sem húsbóndi hans er salaður eða ekki.

Nýjustu fréttir af kjaramálum landsmanna sé ég á visir.is: „Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, keypti í gær hlutabréf í bankanum fyrir tæpan milljarð

króna. Bjarni keypti bréfin í gær á genginu 18,6 en nú síðdegis var skráð gengi þeirra 19,1. Það þýðir að bara á þessum eina skammti hefur Bjarni hagnast um 25 milljónir króna á einum sólarhring.“

Sennilega finnst einhverjum stæll á svona. En það finnst mér ekki. Það stóð ekki nema innvígðum og innmúruðum til boða að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu. Mér hefði verið kastað út ef ég hefði labbað þar inn í gær og beðið þá að lána mér milljarð eða svo til fyrramáls svo að ég gæti grætt líka. Samt hef ég verið í viðskiptum við þá síðan forfaðir Íslandsbanka hét Verzlunarbancinn. Það grasséra fleiri djöflar í samfélaginu en prentvillupúkinn.

Reyndar geri ég ráð fyrir að láta duga að hrista hausinn yfir þessu með vandlættingarsvip þangað til upp er runnin sú tíð að misskipting peninga verður svo mikil að börn þeirra sem eiga auðinn ganga í góða skóla en börn okkar hinna í lélega skóla, og ríkt fólk sem þarf á heilsugæslu að halda fær hana fljótt og vel, en við hin seint og illa. Þá verður friðurinn úti. Að því takmarki stefnum við núna.

■ MIÐVIKUDAGUR, 11. JAN.

Harmsaga

Nú eru fjölmiðlar uppfullir af sínu uppáhaldsumræðuefni:

Fréttum og greinum um sjálfa sig. Harmsagan sem er tilefni þessarar naflaskoðunar er sú að í gær birti DV risafrétt um mann, nafngreindi hann og birti mynd af honum á forsiðu, og sagði að ungmenni hefðu kært hann til lögreglu fyrir kynferðislega misnotkun og lögreglan hafi gert húsleit á heimili mannsins.

Daginn sem blaðið kom út batt þessi maður enda á líf sitt. Þetta er sorgarsaga. Upplátturinn í DV var ósmekklegur, um það þarf ekki að ræða. En innihald fréttarinnar segjast ritstjórar DV geta staðið við: Lögreglurannsókn sem beindist að meintum barnanótingi.

„Dæmið ekki svo að þér verðið ekki dæmdir“, segir í góðri bók. Ég ætla alla vega ekki að kveða upp dóm í þessu máli. Aðrir eru dómgladari: Alþingismaður

segir blákalt á heimasíðu sinni að ritstjórar DV séu morðingjar. Það er undirskriftalisti í gangi gegn ritstjórnarstefnu DV. Vonandi skrifa menn undir eftir skynsamlega yfirvegun, en ekki af múgsefjun.

Þetta er sorgarsaga. Jónas Kristjánsson sem kenndi mér það sem ég kann í blaðamennsku fyrir fjórum áratugum segir að fyrsta skylda hvers fjölmiðils sé að segja sannleikann. Síðareglur blaðamannafélagsins segja að menn eigi að segja sannleikann án þess að valda fólk sárindum. Þarna er vandrataður meðalvegur.

Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



Sannleikurinn er því miður ekki jafn þægilegur fyrir alla. Fjölmiðlar á Íslandi eru viðskiptafyrirtæki. Meira að segja á að breyta ríkisútvarpinu okkar í hlutfélag. Sú vara sem þessi fyrirtæki framleiða og reyna að græða á með einum eða öðrum hætti er því væntanlega sannleikur. Sannleikurinn er mjög hættuleg söluvara. Þegar menn leika sér að eldinum er hætt við að einhver brenni sig að lokum.



■ FIMMTUDAGUR, 12. JAN.

Af blóði og pyntingum

Stundum finnst manni þetta þjóðfélag okkar skrýtið. Siðblinda og siðleysi veður uppi. Á visir.is stendur: „Ekki missa af hryllingsmyndin (sic!) Hostel. Það er að segja ef þið eruð fyrir blóð, pyntingar og almennan viðbjóð.“ Blóð, pyntingar og almennur viðbjóður er greinilega í tísku. Mjög greinilega.

Ög talandi um almennan viðbjóð: Ríkisútvarpið segir að Björgólfsfeðgar hafa tvívegis reynt að kaupa DV til að leggja það niður. Var það ekki sá eldri þessara feðga sem lét breyta forsiðu DV fyrir jól af því að honum líkaði ekki það sem DV ætlaði að birta um kona hans? Sá sami og lét eyða heilu upplagi af bók fyrir síðustu jól af því að honum mislíkaði einhver umfjöllun um fjölskyldu sína? Var það ekki sá yngri þeirra sem sagði í viðtali við tímaritið Forbes þegar það var tilkynnt að hann væri 488. ríkasti jarðarþúinn að til að öðlast virðingu þyrfti tvennt: Power and Money. Peninga og vald?



Björgólfur Thor í viðtali við Forbes. Ekki Tony í Sopranos.

Ritskoðun í krafti valds og peninga er siðlaus. Þeir sem hana stunda eru siðblindir. Þetta er skrýtið þjóðfélag.

■ FÖSTUDAGUR, 13. JAN.

Paraskevidekatriaphobia!

Í dag er föstudagur 13. Lengi hafa hjátrúarfullir menn haft þá skoðun að þegar föstudagur ber upp á 13. dag mánaðarins sé ekki góðra hluta von. Ótti við svoleiðis föstudaga er viðurkennd fóbía og heitir á fræðimáli: Paraskevidekatriaphobia! Stutt og laggott.

Ritstjórar DV hafa sagt upp störfum. Þeir hafa viðurkennt mistök. Þeir hafa axlað ábyrgð. Fáheyrður siðferðisstyrkur í íslensku þjóðfélagi. Vonandi sýna eigendur blaðsins þann siðferðisstyrk að endurráða þá og gefa þeim kost á að þróa áfram athyglisverðasta fjölmiðil Íslands í augnablikinu – hafandi lært þá lexíu að sannleikann á maður að umgangast ekki bara af blindri undirgefni heldur af virðingu, kurteisi og smekkvísi.

Jónas Kristjánsson hefur af öðrum núlifandi blaðamönnum óstöðum þjónað sannleikanum af meiri staðfestu og heiðarleik en flestir. Er ég alltaf sammála honum? Nei. Vil ég ljóta starfskrafta hans áfram? Já.

ÚTSALA

Allt að **70%** afsláttur

Veggjós / Gólfampar / Næturljós / Kastarar / Útiljós / Loftljós

Verð 4.990-



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið lau.: 11:00 - 16:00



Hástökkvarinn

Úrvalssjóður VSP náði **72% ávöxtun síðustu 12 mánuði**

Úrvalssjóður Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna náði 72,10% ávöxtun síðustu 12 mánuði* sem er glæsilegur árangur. VSP er verðbréfafyrirtæki í eigu sparisjóðanna sem annast eignastýringu, miðlun verðbréfa og fjárfestingarráðgjöf. Undir merkjum VSP eru reknir 8 verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir.**

Þú gengur að framsækinni þjónustu byggða á traustri, óháðri ráðgjöf vel menntaðs fagfólks hjá VSP. Slástu í hópinn og tryggðu þér úrvals ávöxtun á sparifé og frábæra ráðgjöf hjá VSP.

* Miðað við 10. janúar 2006. Ath. ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

**Úrvalssjóðurinn er verðbréfasjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Úrvalssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðsins.

Fjárfestu í sjóðum eða fáðu nánari upplýsingar á afgangslustöðum Sparisjóðsins um allt land, á www.vsp.is eða í síma **575-4400**.

VSP 
VERÐBRÉFAÞJÓNUSTA SPARISJÓÐANNA

HUMPHREY BOGART (1899-1957) LÉST PENNAN DAG.

„Ég fæddist þegar þú kysstir mig. Ég dó þegar þú yfirgafst mig. Ég lifði í fáeinum vikum meðan þú elskaðir mig.“

Bandaríski kvikmyndaleikarinn Humphrey Bogart var og er dáður. Hann er einna þekktastur fyrir hlutverk sitt í Casablanca.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 14. JANÚAR 1954

Marilyn Monroe giftist Joe DiMaggio

Á þessum degi árið 1954 gengu í hjónaband kynboman og leikkonan Marilyn Monroe og hafnaboltahtjetan Joe DiMaggio. Þau hittust fyrst snemma árið 1952. Þá hafði DiMaggio nýlega lagt skóna á hilluna og vildi ólmur fá að hitta hina fögru dómu eftir að hann sá mynd af henni sitja fyrir á hafnaboltavelli. Stuttu eftir hinn fyrsta fund blómstraði ástina.

Þau giftu sig í San Fransisco og varð brúðkaupið forsiðufrétt víða um veröld. Einn galli var þó á gjöf Njarðar. DiMaggio var ófundsjúkur vegna vinsælda Marilyn meðal annarra karlmanna. Helsta ósk hans var að



MONROE OG DIMAGGIO

lifa utan sviðsljóssins en frægðarstjarna konu hans var rétt byrjuð að rísa.

Við hina frægu loftræstimyndatöku, fyrir myndina The Seven Year Itch sem tekin var fyrir utan Trans-Lux leikhúsið í New York þar sem vindurinn feykir pílsí Monroes aftur og aftur upp þannig að sést í hvít undirfötin, sat DiMaggio fylgur hjá meðan um tvö þúsund manns fylgdust spenntir með konu hans í nærri tvo tíma. Að lokum gekk hann ævareidur út af tókustað. Síðar heyrðist mikið rífrildi frá hótélherbergi þeirra hjóna og tveimur vikum síðar skildu Marilyn og Joe að borði og sæng.

MERKISATBURÐIR

- 1742 Edmond Halley uppgötvaði halastjörnu sem nú er nefnd eftir honum.
- 1918 Læknafélag Íslands er stofnað.
- 1976 Ólafur Jóhann Sigurðsson hlýtur bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, fyrstur Íslendinga.
- 1978 Punkhljómsveitin Sex Pistols heldur sína síðustu tónleika.
- 1984 Páfi staðfestir helgi Þorlaks biskups Þórhallsunar og viðurkennir hann sem verndardýriling íslensku þjóðarinnar.
- 2002 Lýst er yfir að Bretland sé loks laust við gin- og klaufaveiki.

ANGLÁT

Jórunn Róbertsdóttir lést á sjúkrahúsi mánudaginn 26. desember. Útförin fór fram í Lyngby, Danmörku, föstudaginn 6. janúar.

Víkingur Guðmundsson, Grænhóli, Akureyri, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 11. janúar.

Dagmar Ingólfssdóttir, Álftamýri 58, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 10. janúar.

JARÐARFARIR

10.30 Jón Árni Jónsson frá Eyrarbakka, Brekastíg 36, Vestmannaeyjum, verður jarðsöngurinn frá Landakirkju.

11.00 Gestur Ingvi Kristinsson, Torfnesi, Hlífl 1, Ísafirði, áður Hlíðarvegi 4, Suðureyri, verður jarðsöngurinn frá Ísafjarðarkirkju.

11.00 Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Víðigrund 4, Sauðárkróki, verður jarðsöngurinn frá Sauðárkrókskirkju.

14.00 Björn Þórðarson, áður Hafnargötu 6, Siglufirði, verður jarðsöngurinn frá Siglufjarðarkirkju.

14.00 Helgi Runólfsson bifreiðastjóri, Anahlíð 12, Borgarnesi, verður jarðsöngurinn frá Borgarneskirkju.

14.00 Hulda Ingimars frá Þórshöfn, verður jarðsett á Þórshöfn.

14.00 Ingólfur Gunnarsson, Valbjófsstað II í Fljótsdal, verður jarðsöngurinn frá Valbjófsstaðakirkju.

14.00 Snæbjörn Stefánsson, Stangarholti 3, verður jarðsöngurinn frá Reykholtskirkju í Borgarfirði.

14.00 Svanlaug Pétursdóttir frá Sauðárkróki, verður jarðsöngurinn frá Sauðárkrókskirkju.

AFMÆLI



Einar Hákonarson listmálari er 61 árs.



Jón Reykdal listmálari er 61 árs.



Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, er 51 árs.



Sigurður Svavarsson, útgáfustjóri Eddu, er 52 ára.



Ingvi Hrafn Óskarsson aðjúnkt er 32 ára.



Bóas Hallgrímsson tónlistarmaður er 26 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG



1875 Albert Schweitzer, heimspekingur og handhafi friðarverðlauna Nóbels



1886 Hugh Lofting rithöfundur

ÓLAFUR JÓHANN: HLAUT BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS FYRIR 30 ÁRUM

Ákvað nánast á barnsaldri að verða rithöfundur

Í dag, 14. janúar, eru liðin 30 ár síðan Ólafur Jóhann Sigurðsson rithöfundur hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, fyrstur Íslendinga. Verðlaunin hlaut hann fyrir ljóðabækur sínar Að laufferjum sem kom út 1972 og Að brunnum sem kom út tveimur árum síðar.

Ólafur Jóhann fæddist í september 1918 í Hlíð á Álftanesi en fluttist ungur í Grafninginn þar sem hann ólst upp. Fimmtánaráhleypti hann heimdraganum og flutti til Reykjavíkur.

Ritstörf voru Ólafi Jóhanni snemma hugleikin og hermtað hann hafinastá barnsaldri ákveðið að verða rithöfundur. Hann var að mestu sjálfmenntaður en fór til Kaupmannahafnar og var þar undir verndarvæng Jóns Helgasonar prófessors. Síðar fór hann til ársdvalar til Bandaríkjanna og sótti fyrirlestra um nútímabókmenntir og skáldsagnaritun í Columbia háskóla í New York.

Barnasagan Við Álftavatn sem kom út 1934 var hans fyrsta verk en tveimur árum síðar sendi hann frá sér sína fyrstu bók fyrir fullorðna, Skuggarnir af bænum.

Framan af ferli sínum sinnti Ólafur Jóhann ýmsum aukaverkum, meðal annars vann hann við múrverk, blaðamennsku og hjá útgáfufélaginu Helgafelli og síðar annaðist hann prófarka- og handritalestur fyrir útgáfufyrirtæki.

Ólafur Jóhann var afkastamikill rithöfundur og sendi frá sér fjölda skáldsagna, smásagna og ljóða um ævina. Þó að hann hafi hlotið Bókmenntaverðlaunin fyrir ljóð eru smásögur og skáldsögur talin höfuðverk hans. Helst er þar nefnd skáldsagan Gangvirkið en í henni segir af Páli Jónssyni blaðamanni sem flyst á mölina en líkar þar lífið illa. Um Pál fjallar Ólafur Jóhann líka í bókunum Seiður og Hélog og Drekkur og smáfuglum.

Fjölmörg verk hans hafa verið þýdd, til dæmis á kínversku, rússnesku og esperanto. Þá þýddi hann sjálfur erlend bókmenntaverk yfir á íslensku, til dæmis Mýs og menn eftir John Steinbeck.

Ólafur Jóhann bar óendanlega virðingu fyrir íslensku máli og notaði hreint og fagað tungutak í bókum sínum. Félagslegt raunsæi einkennir flest verka hans.

Ólafur Jóhann kvæntist Önnu



ÓLAFUR JÓHANN SIGURÐSSON RITHÖFUNDUR Fluttist fimmtán ára til Reykjavíkur til að sinna ritstörfum.

Jónsdóttur árið 1943 og eignuðust þau synina Jón, haffræðing, og Ólaf Jóhann, rithöfund og athafnamann í New York.

Á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá því að Ólafur Jóhann hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs

hafa fimm aðrir Íslendingar hlotið þau. Snorri Hjartarson 1981, Thor Vilhjálmsson 1988, Fríða Á. Sigurðardóttir 1992, Einar Már Guðmundsson 1995 og Sjón á síðasta ári. Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1962.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigríður Ólafsdóttir

Lágholti 6, Mosfellsbæ,

lést 13. janúar í Víðinesí. Jarðarförin auglýst síðar.

F.h. aðstandenda,

Kristján Þorgeirsson.

Handbók Ferðamálastofu komin út


Handbók Ferðamálastofu fyrir árið 2006 er komin út. Þetta er víðamikili rit þar sem finna má upplýsingar um vel á annað þúsund ferðaþjónustuaðila um allt land. Einnig er að finna í bókinni ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir ferðamenn.

Þar má meðal annars finna lista yfir upplýsingamiðstöðvar, ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, ræðismenn, sendiráð, náttúruverndarsvæði og fleira. Einnig má finna lista yfir viðburði af ýmsu tagi um allt land. Upplýsingar um áætunarferðir

á láði, lofti, legi, bláleigur, vegalendir milli staða og möguleika á gistingu hvers konar.

Í handbókinni er að finna upptalningu á afþreyingu af ýmsum toga, þar á meðal má nefna flúðasiglingar, hestaferðir og golfvelli auk upplýsinga um söfn og sýningarsali. Handbókinn er gefin út á íslensku og ensku og gagnast vel þeim sem starfa að skipulagningu og upplýsingagjöf í ferðaþjónustu.

HANDBÓK 2006 Í bókinni má finna hagnýtar upplýsingar fyrir ferðamenn.



TRÚARLEGUR TROMMUSLÁTTUR Heilagur maður af hindúatrú spilar á damru, hefðbundin ásláttarhljóðfæri, við tjaldbúðir nálægt Gangasagar, mynni árinna Ganges. AP/REUTERS



Sjá nánar um dagskrá og skráningu á ráðstefnuna:
www.utdagur.is

UT-DAGURINN

DAGUR UPPLÝSINGATÆKNINNAR - 24. JANÚAR

Tæknin og tækifærin – ráðstefna haldin í tilefni UT-dagsins

UT-dagurinn verður haldinn í fyrsta sinn þann 24. janúar nk. Tilgangur hans er að vekja athygli á þeim tækifærum sem Íslendingar hafa á sviði upplýsingatækni, upplýsingatækniönaðar og fjarskipta.

Ýmsir viðburðir og kynningar á UT-deginum:

- Tæknin og tækifærin – Ráðstefna á Nordica Hótel um áhrif og ávinning, framtíðarsýn og áhugaverð verkefni stjórnvalda. Á dagskrá verða m.a. erindi ráðherra þeirra ráðuneyta sem koma að UT-deginum og áhugaverð erindi fulltrúa upplýsingatækni- og fjarskiptafyrirtækja. Hægt er að kynna sér ítarlega dagskrá ráðstefnunnar á www.utdagur.is.
- Ráðstefnan verður send beint út á vef UT-dagsins: www.utdagur.is.
- Opnaður verður nýr vefur um upplýsingatækni: www.utvefur.is
- Gefið verður út kynningarefni í tilefni dagsins: Tölfræðileg samantekt um íslenska upplýsingasamfélagið frá Hagstofunni og bæklingur um upplýsingatækni frá Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða.
- Í tengslum við UT-daginn verður gefið út umfangsmikið blað sem dreift verður með Morgunblaðinu 20. janúar.

UT-dagurinn er samstarfsverkefni forsætisráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, samgönguráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Póst- og fjarskiptastofnunar, Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja og Skýrslutæknifélagsins.



LAGGE HREIN

GEKNHEILT
PARKET!

3.990 kr./m²
~~4.930~~

Vnr. 0113869

Parket
Gegnheil eik, olíuborin,
18,5x130 mm

2.190 kr./m²
~~2.630~~

Vnr. 0113853

Parket
Woodline eik Rustik,
14,5x190x1820 mm.

20%
afsláttur

40%
afsláttur

649 kr./m²
~~1.039~~

Vnr. 0113565

Parket
Smelluplastparket, hlynur
8,3x195x1210 mm.
Rakahelt gæðaparket.

VERÐHRUN Á GÓLFEFNUM!

R-



VSUN

á gólfefnum í BYKO Breidd!

1.100 kr./m²
2.750

Vnr.19600000

Flísar
Gegnheilar gólf- og
veggflísar. Quarzite
Natur, 30x30 cm.

60%
afsláttur

60%
afsláttur

780 kr./m²
1.950

Vnr.16600100

Flísar
Veggflísar IDEA MIRROR,
hvítar, 20x25 cm.

Glæsilegt
úrval!



BYGGIR MED ÞÉR



PÉTUR GAUTUR
Námskeiðið hefst 7. febrúar
Upplýsingar hjá fræðsludeild Þjóðleikhússins
fraedsla@leikhusid.is sími: 585 1267 www.leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



DOMINIK MOLL Heillaðist af goðsögunni um sjálfsmorðsferðir læmingja en þeir leika stórt hlutverk í nýjstu kvikmynd hans.
FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

Læmingjaleikstjórinn

Franski leikstjórinn Dominik Moll er hér á landi í tilefni af því að kvikmynd hans *Lemming* var frumsýnd á frönsku kvikmyndahátíðinni sem hófst á fimmtudaginn. *Freyr Gíjja Gunnarsson* ræddi við hann um kvikmyndagerð, David Lynch og læmingja.

Ferð Dominik hófst ekki með neinum glæsibrag. Þegar hann lenti uppgötvadist að farangur leikstjórans hafði misfarist. Auðvitað var Ísland í essinu sínu og blés hressilega á Moll sem sárvantaði gönguskóna sína og úlpu enda vetur konugur loksins farinn að herja á landsmenn. Leikstjóranum seinkaði því aðeins enda fannst allt hans hafurtask fyrir rest. Hann kom því skælbrosandi í húsnæði Alliance Francaise, ánægður með að vera loksins orðinn almennilega skóaður.

Ferðalangur á Íslandi

Dominik Moll er ekki ókunnugur Íslandi. Hann kom hingað í frí fyrir tæpu ári ásamt kærustu sinni. „Við leigðum okkur bíl og keyrðum eftir suðurströnd landsins. Alveg upp til Höfn,“ útskýrir leikstjórinn og fær sopa af kaffinu sem hafði verið hellt uppá í tilefni af komu hans. „Þetta var mjög þægilegt því við gátum stoppað hvenær sem við sáum eitthvað fallegt,“ segir hann og brosir.

Moll á þýskan pabba og franska mómmu og bjó fyrstu ár ævi sinnar í Baden - Baden sem er lítill bær við Svartaskóg. Hann hefur þó búið í Frakklandi síðustu tuttugu árin. „Ég fékk fyrst áhuga á kvikmyndagerð við sextán ára aldur en hafði ekki hugmynd um hvort þetta ætti að vera mitt lífibrauð,“ svara Moll þegar hann er spurður af hverju kvikmyndagerð. „Mig langaði alltaf til að vita hvernig þær væru gerðar og vildi sjá sem mest af þeim,“ bætir leikstjórinn við. „Eftir framhaldsskóla fluttist ég til Parísar og reyndi að komast yfir þær kvikmyndir sem mér hafði ekki tekist að sjá. Þýski smábærinn bauð ekki uppá ýkja mikið úrval,“ segir Moll og skellir uppúr. „Mér fannst ég þurfa bæta aðeins upp fyrir þetta tap.“

Þegar Moll hafði innritast í háskóla í höfuðborginni rakst hann á skiptinamaverkefni og sló til. Hann fór til New York enda segist Moll alltaf hafa verið mjög hrifinn af Bandaríkjunum. „Þar skráði ég

mig í kvikmyndadeild City College New York borgar og áhuginn var fljótur að kvikna,“ útskýrir hann og það var ekki aftur snúið. Þegar Moll snéri heim til Frakklands skráði Dominik sig strax í kvikmyndaháskólann þaðan sem hann er útskrifaður 1987. „Við tóku verkefni sem aðstoðarleikstjóri og klippari og þá aðallega við heimildarmyndir.“

Sjálfsmorðsferðir læmingjans

Lemming er þriðja mynd Moll í fullri lengd. Síðasta mynd hans, *Harry* er hér til að hjálpa, sló í gegn fyrir rúmum fimm árum síðan. Hann segir að þær vinsældir hafi gert honum auðveldara um vik til að fjármagna þessa mynd. Hann segir hins vegar að sköpunarferlið sé alltaf jafn snúið. „Maður er jú alltaf að reyna að bæta sig,“ segir Dominik og hlær. „Það þarf að fínþússa hin og þessi smáatriði og svo framvegis,“ bætir hann við.

Myndin segir frá ungu pari, Alain og Benedicte, sem eru flutt í nýtt hverfi vegna vinnu mannsins. Eina nóttina finnur Alain læmingja í vatnslásnum og eftir það hefst undarleg atburðarrás. „Ég veit eiginlega ekki hvaðan þessi hugmynd er kominn,“ segir Dominik og brosir. „Það laust allt í einu mynd í kollinn á mér af manni sem finnur læmingja. Ég vissi ekki hvert framhaldið yrði en fannst þetta góð byrjun,“ útskýrir hann. Þá var Moll ekki síður hrifinn af goðsögunni um sjálfsmorðsferðir nagdýrsins en sagan segir að þegar dýrið hefur náð ákveðnum fjölda fremji það fjöldasjálfsmorð. „Þetta er auðvitað ekki rétt en það hefur ekki enn tekist að útskýra hegðun læmingjans til fullnustu,“ segir Moll. „Mest spennandi var hins vegar að læmingjar búa ekki í Frakklandi og Frakkar vita lítið sem ekkert um þetta dýr,“ segir leikstjórinn og er augljóslega kominn á flug. „Aðalsögupersónan er náungi sem telur hamingjuna felast í því að hafa stjórn á öllu en óþekkt nagdýr kemur honum í

opna skjöldu,“ segir Moll. Þá vildi hann einnig tefla saman ungu pari sem hefði framtíðina fyrir sér og eldri hjónum sem lífið hefði leikið grátt.

Tónlist spilar stóra rullu í myndinni því hún er notuð til að koma áhorfandanum úr jafnvægi. Hún er þó ekki fyrirferðarmikil hvað tíma varðar. „Hún kemur kannski ekki fyrir nema í tuttug mínútur í heildina en ég nota hana til að byggja upp ákveðna spennu eða mynda eitthvað andrúmsloft,“ segir Dominik en oft eru kvikmyndahúsagestir orðnir smeykir án þess að einhver ástæða sé til þess.

Vill ekki vinna í draumasmiðjunni

Lemming var opunarmyndin á Cannes og segir Moll að hátíðin sé mjög mikilvæg fyrir kvikmyndina. „Hún er mjög mikilvæg uppá dreifingu mynda og auðveldar manni leið inná alþjóðlegan markað,“ segir hann. „Fyrst og fremst er þetta þó mikil viðurkenning.“

Gagnrýnendur hafa margir hverjir líkt *Lemming* við verk bandaríska leikstjórans David Lynch. Moll tekur þó ekki undir þá líkingu nema að litlu leyti en viðurkennir að Lynch hafi haft áhrif á sig. „Hann nýtti sér mörk veruleikans og óraunveruleikans til hans ýtrasta og var frumkvöðull í að leika sér með það sem gerðist og það sem sögupersónur héldu að gerðist,“ útskýrir Moll og segist sjálfur hafa mjög gaman af því að leika sér með þessi mörk. „Kvikmyndaformið hentar mjög vel til þess,“ segir Moll.

Framundan hjá Moll er verkefni sem byggt verður á tveimur smásögum eftir bandaríska rithöfundinn TS Boyle. Moll segist þó ekki vera á leiðinni í dæmigerða Hollywood framleiðslu enda segist hann ekki kæra sig um að vera undir hælum á einhverjum kvikmyndaaverum. „Ég vill frekar gera kvikmyndir í óháða kvikmyndaageiranum en dæmigerða Hollywood mynd,“ segir hann en kaldhæðni orlaganna haga því þannig til að næsta mynd hans verður að vera tekin upp í Bandaríkjunum. Moll hefur ferðast um allan heim til að kynna myndina sína en hann segist reyna halda ferðalögum sínum í lágmarki. „Það er auðvitað gaman að koma til framandi enda en maður fer líka fljótt að endurtaka sig.“

freyrgjia@frettabladid.is



Milljónomæringur nr. 82

Þú gætir líko unnið

Á þessu ári mun að jafnaði annar hver miði fá vinning.
Tryggðu þér miða í 800 6611 eða á hhi.is.
Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Átakið heldur áfram



Kjöt & fisktorgið

Lambahryggur
úr kjötborði

TILBOÐ
995 kr/kg
Verð áður 1.378,-



RANA ferskt pasta

Tortelini m/parmaskinku	339kr	428kr
Tortelini m/ricotta og spinati	299kr	375kr
Tagliatelle	169kr	214kr

Alfreð Ómar Alfreðsson
Matreiðslumeistari
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

LAMBAHRYGGUR AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

1 stk. lambahryggur
Oriental kryddblanda
í kvörn
Maldon salt

Skerið rendur í fitulagið á hryggnum, eftir endilöngu og svo þvert yfir. Kryðið vel með oriental kryddblöndu og maldon salti. Setjið hrygginn inn í 200°C heitan ofn og steikið í 15 mín. Lækið hitann niður í 160°C og eldið áfram í um klukkustund.



Sollu buff
Þurrsteikt grænmetisbuff

Gott verð
449 kr/pk

Þú nægtabarni
náttúrunnar

Ótrúlegt úrval af
baunum, hnetum
og kornmeti.



20%
afsláttur við
kassa

Latabæjar vítamín



20%
afsláttur við
kassa

Biomega vítamínína



20%
afsláttur við
kassa

EAS vörurnar eru allar með afslætti um helgina



20%
afsláttur við
kassa

Hydroxycut fæðubótarefni



20%
afsláttur við
kassa

Pharmagreen grænt te og te töflur




20%
afsláttur við
kassa

Slim Fast drykkir og orkustangir

Gildir til 15. janúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



NORÐURHEIMSKAUTIÐ Á myndinni sést vel hversu mjög ísinn á norðurheimskautinu hefur minnkað síðustu áratugi. Ýmsir fagna því að með áframhaldandi bráðnun opnast brátt sjóleið milli Atlantshafsins og Kyrrahafsins en hverjar afleiðingar verða fyrir vistkerfi heimskaupsins og hafstrauma í heiminum öllum er ómögulegt að segja fyrir um.

Mannkynið á hálum ís

Árið 2005 var annað heitasta árið á norðurhveli jarðar og eitt af fimm heitustu árunum á jörðinni allri síðan áreiðanlegar mælingar hófust fyrir rúmri öld. *Albert Örn Eypórsson* skoðar hlýnun jarðar.

Meðan stöku sóldýrkendur eru líklegir til að skála í kampavíni vegna þeirra fréttu að nú sé að hlýna á norðurhveli jarðar, eru þeir mun fleiri sem hafa þungar áhyggjur af þróuninni. Þeir svartsýnustu segja aðeins tímaspursmál hvenær allt líf á jörðinni tekur stökkbreytingum með hörmulegum afleiðingum fyrir allt mannkyn.

Þurfi einhverra frekari sannana við nægir að skoða niðurstöður rannsókna undanfarinna ára á trjáhringum, gömlum kóröllum og borkjörnum úr jöklum sem taka af allan vafa um að hitastig í heiminum hefur ekki verið hærra í þúsund ár.

Fyrir milljónum manna víða um heim blasa staðreyndirnar þegar við. Inúítar í Kanada og á Grænlandi hafa undanfarin ár upplifað bráðnun heimsskaufaíss og hækkandi hitastig. Fólki í Suður-Ameríku og Suðaustur-Asíu upplifir mun oftar storma, hvirfilbylji og mannskæð flóð en áður tíðkaðist. Í Evrópu eru skógareldar algengari en nokkru sinni, hitabylgjur nánast árlegur viðburður og bráðnun jökla fer ekki fram hjá nokkrum manni. Á Íslandi

hefur hitastig sjávar hækkað með þeim afleiðingum að fiskistofnar sem áður veiddust víða kringum landið finnast nú aðallega í kaldari sjó fyrir norðan ef þeir þá finnast.

Gróðurhúsaáhrifin

Jörðin hefur að mati vísindamanna aldrei áður hitnað jafn snögglega og síðustu 30 árin á sama tíma og náttúrufrýrbrigði á borð við hringrás sólarinnar og eldgos ættu í raun að lækka hitastig jarðar. Enginn vafi leikur lengur á að athafnir mannsins hafa mikil áhrif á þær öru breytingar sem átt hafa sér stað.

Síðaxandi notkun á auðlindum jarðarinnar er sá þáttur sem mest áhrif hefur. Eyðing skóga losar mikið magn koldíoxíðs út í andrúmsloftið og það gerir öll brennsla á kolum, olíu og gasi einnig. Koldíoxíð er gastegund sem hindrar að orkuríkir geislar sólarinnar sleppi út úr gufuhvolfinu svo hitastigið hækkar líkt og gerist í gróðurhúsi. Hæfilega mikil gróðurhúsaáhrif eru þó nauðsynleg því ef þeirra nyti ekki við í einhverjum mæli væri meðalhitastig á jörðinni -20°C í stað +15°. Önnur efni eins og metan hafa enn fremur mikil áhrif til hins verra.



JÖKULHETTA KILIMANJARO Í KENÍA Snjór hefur þakið topp þessa hæsta fjalls Afríku í þúsundir ára en nú sér fyrir endann á því. Heimamenn segja bráðnun íssins svo öra að hann verði með öllu horfinn innan fárra ára.

Vísindamenn næstum einróma

Áætlað er að haldi sama þróun áfram og verið hefur muni hitastig á jörðinni hækka um tvær til fimm gráður á þessari öld. Miðað við þróunina í dag eru þær spár vart fjarri lagi. Yfirstandandi ár er það næstheitasta sem mælt hefur á norðurhveli jarðar, en hitametið er frá árinu 1998. Sumir vísindamenn benda á að það ár var el Nino veðurfrýrbrigðið í hámarki og hitastig jarðarinnar á fortíðinni. Þó eru langflestir vísindamenn sammála um að þróunin sem hefur átt sér stað síðustu árin sé óeðlileg og að enga aðra skýringu sé á því að finna en inngríp mannsins. Þó eru reiknilíkon þau sem notuð eru mismunandi og ekki ber öllum saman um að hitastig hækki jafn

mikið eða jafn ört. Öll gefa þau þó til kynna að hækkingin er óumflýjanleg.

Hvað merkir þetta allt?

Sé gengið út frá að vísindamenn hafi rétt fyrir sér er ljóst að jörðin mun taka breytingum fyrr en síðar. Bráðni Grænlandsjökull og hækki yfirborð sjávar um sjö metra munu heilu löndin fara undir vatn. Vert er að hafa í huga að stór hluti Flórídarákis og allt Bangladess eru einum metra yfir sjávarmáli. Þúsundir borga og bæja við strendur munu hverfa undir sjó og landslagið mun taka miklum breytingum frá því sem nú er.

Veðurfar mun breytast en deilt er um hversu mikið. Óvíst er hvort og þá hvenær bráðnun jökla fer að hafa áhrif fyrir alvöru á hafstrauma um víða veröld. Talið er víst að mikil bráðnun Grænlandsjökuls geti breytt og jafnvel lokað að öllu leyti fyrir flæði heitari sjávar sem berst hingað til lands og til Evrópu með Golfstraumnum. Afleiðingar þess háttar breytinga yrðu mjög alvarlegar enda Golfstraumnum að

þakka að lífvænlegt er á norðurhveli Evrópu.

Eins er víst að hlýnandi loftslag mun valda meiri þurrkum og enn frekari matarskortri hjá milljónum manna. Aðstæður til ræktunar versna nánast alls staðar sökum minnkandi úrkomu á sumum stöðum og vaxandi úrkomu á öðrum sem mun ýta undir flóð og skriður en ekki gera ræktun auðveldari.

Túndurur heimsins munu þiðna og frá þeim streyma jafn mikið magn metangass og mannkynið allt hefur losað á fáum árum. Dýr og plöntur eru mismunandi vel í stakk búin til að takast á við órar loftslagsbreytingar. Margar trjátegundir geta ekki þróast nógu fljótt en fuglar og dýr geta í mörgum tilfellum flutt sig til. Varpstöðvar og jafnvel varptímar munu breytast og óvíst er með öllu hvaða áhrif það hefur á umhverfið til lengri tíma lítið. Það er sennilega boðberi þess sem koma skal að fyrsta dýrið sem sannað hefur verið að hefur þegar þróast í takt við breytingar á hitastigi heimsins er moskítóflugan alræmda. ■

Staðreyndir eða tilviljun?

* Meðalhitastig í vesturluta Kanada, Alaska og austurluta Rússlands hefur hækkað um 3-4° síðustu 50 ár. Tvöfalt meira en annars staðar í heiminum.

* Bráðni öll ísbreiðan á Grænlandi hækkar það yfirborð sjávar um sjö metra. Spár gera ráð fyrir umtalsverðri bráðnun á þessari öld.

* Plöntur í Evrópu blómstra viku fyrr en þær gerðu að meðaltali árið 1950.

* Þrjú jökla prýddu fjalltoppa á Spáni áður fyrr. Þeir eru horfnir. Um 80 prósent þeirra jökla sem voru í Bandaríkjunum fyrir tveimur öldum eru sömuleiðis bráðnaðir.

* Ekki er talið útilokað að hækkandi hitastig sé orsakavaldur að tvísýnna

veðri í heiminum. Fellibyljir í heiminum hafa aldrei verið fleiri en á síðasta ári.

* Einn slíkur stormur kom að landi á Kanaríeyjum sl. haust. Það er í fyrsta sinn sem það gerist í manna minnum.

* Rigningar og flóð hafa orðið tíðari á sumum stöðum en lengri þurrkatími og vatnsskortur hrjár aðra í heiminum.

* Hækkandi hiti mun auka áhrif loftmengunar og fjölga til muna þeim er glíma við astma eða aðra öndunarfærasjúkdóma.


* Er yfirborð sjávar hækkar mun saltvatn blandast ferskvatni víða á láglendi. Ferskvatn er þegar í dag af skörnum skammti.

Velkomin!

OPIÐ HÚS



laugardaginn
14. janúar
kl. 13 - 16



Komdu og kynntu þér
námsframboðið eða hringdu
og fáðu námskrá skólans senda heim

Nám við allra hæfi

STARFSNÁM

Tölvu og skrifstofunám

260 stunda ítarlegt starfsnám sem tekur á öllum þáttum tölvuvinnslu, bókhalds og skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum og heima.

Verð: 189.000,- Næstu kvöld- og morgunnámskeið hefjast 25. janúar

Tölvu og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðað 200 stunda starfsnám þar sem tekin eru fyrir helstu skrifstofuforritin og bókhaldið. Verð kr. 136.000,- Næstu helgar- og morgunnámskeið hefjast 14. febrúar.

Bókhald I

Hagnýtt 110 stunda grunnnám í hand og tölvufærðu bókhaldi Verð kr. 86.000,- Næstu helgar- og morgunnámskeið hefjast 30. mars

Bókhald II

Boðið er upp á 21 stunda framhalds-æfingar í Navision og dkRetis. Verð 26.000,-

Tollskýrslugerð

Ítarlegt 18 stunda námskeið í meðferð allra innflutningskjala og um allar helstu reglur er varða innflutning. Verð: 24.000,- Næsta kvöldnámskeið hefist 21. febrúar.

VEFUR OG GRAFÍK

Grafísk hönnun

Sérlega hagnýtt 80 stunda nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri hönnun, Photoshop, Illustrator, InDesign, PDF í Acrobat ofl. Verð: 79.000,- Næsta kvöldnámskeið hefist 31. janúar.

Vefsíðugerð - grunnur

Byrjunarreitir þeirra sem vilja koma sér upp heimasíðu. Vinsælt 42ja stunda námskeið í Photoshop og FrontPage. Verð: 36.000,- Næsta kvöldnámskeið hefist 30. janúar.

Vefsíðugerð - framhald

Stutt og hagnýtt 31 stunda framhaldsnámskeið í Dreamweaver, HTML, CSS, og Javascript. Verð: 39.000,- Næsta kvöldnámskeið hefist 1. mars

Dreamweaver

Eitt vinsælasta vefþróunarforritið á markaðnum tekið fyrir á þessu 31 stunda grunnnámskeiði um Dreamweaver. Verð: 29.000,- Næsta kvöldnámskeið hefist 6. febrúar.

ASP.NET vefforritun

Fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á gagnagrunnum og í forritun bjóðum við 31 stunda námskeið í þessu vinsæla þróunarumhverfi. Verð: 44.000,- Næsta kvöldnámskeið hefist 27. febrúar.

ALMENNT TÖLVUNÁM

Byrjendanámskeið

Vinsæl 60 stunda námskeið ætluð byrjendum á öllum aldri í tölvunotkun. Verð: 38.000,- Næstu kvöld og morgunnámskeið hefjast 25. janúar.

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst 63ja stunda námskeið fyrir lengra komna. Verð: 39.900,- Næstu kvöld og morgunnámskeið hefjast 26. janúar.

TÖK tölvunám

Fyrir fólk á öllum aldri sem vill ítarlega þekkingu og alþjóðleg próf í öllum helstu skrifstofuforritunum bjóðum við þetta 100 stunda nám. Verð: 65.000,- Næstu helgar- og morgunnámskeið hefjast 14. febrúar.

ELDRI BORGARAR 60+

Kennum þessi vinsælu námskeið 2 daga í viku frá 13-16. Næstu námskeið hefjast 23. og 24. janúar. Ný námskeið hefjast mánaðarlega.

Byrjendur

Verð: 19.500,- 30 kennslustundir.

Framhald I

Verð: 19.500,- 30 kennslustundir.

Framhald II

Verð: 17.500,- 30 kennslustundir.

ÝMIS NÁMSKEIÐ

Kennaranámskeið I

Stutt grunnnámskeið í upplýsingatækni ætlað kennurum á öllum skólastigum. Verð: 32.900,- Næsta námskeið hefist 13. febrúar.

Kennaranámskeið II

Stutt framhaldsnámskeið sérstaklega ætlað kennurum á öllum skólastigum. Verð: 32.900,- Næsta námskeið hefist 14. febrúar.

Tölvuviðgerðir

Sérstaklega hagnýtt 18 stunda námskeið fyrir þá sem vilja verða sjálfbjarga við bilanir í vélbúnaði tölvunnar. Verð: 25.000,- Næsta helgarnámskeið hefist 4. febrúar.

Stafrænar myndavélar & meðferð stafrænna mynda

Sérlega hagnýtt 14 stunda námskeið um öll helstu atriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni. Verð: 15.000,- Næsta kvöldnámskeið hefist 20. janúar.

STUTT & STÖK

Bjóðum einnig upp á úrval stuttra námskeiða í eftirfarandi forritum. Nánari lýsing á heimasíðu. Word, Excel, Internet, Outlook, PowerPoint, Access, Photoshop, Illustrator, InDesign, FrontPage, Acrobat Distiller PDF, Öryggi og vírusvarnir ofl.



TÖLVUSKÓLINN ÞEK KING

Skráning á vorönn hafin
í síma 544 2210, á vef skólans;
www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Kynning

á stefnu og starfi
Guðspekifélagsins

laugardaginn 14. janúar
kl. 15.30 í húsi félagsins
að Ingólfsstræti 22.

Guðspekifélagið er 130 ára
félagsskapur, sem helgar
sig andlegri iðkun og fræðslu.
Félagið byggir á skoðana og
trúfrelsi ásamt hugsjóninni
um bræðralag alls mannkyns.

Starfsemi félagsins fer fram
yfir vetrartímamann og felst
m.a. í opinberum erindum,
opru húsi, námskeiðahaldi,
námi og iðkun. Einnig býður
bókafjónusta þess mikið
úrval sölubóka og bókasafnið
bækur til útláns fyrir félagi.

Guðspekifélagið býður
áhugafólki um andleg mál
að kynna starfi félagsins.
Einkunnarorð félagsins eru:
"Engin trúarbrögð eru
sannleikanum æðri."

www.gudspekifelagid.is

SKÚFFUSKÁLDIÐ } HÖRÐUR JÓHANNSSON



Löggur í stuði

Þegar blaðamaður Fréttablaðsins spurði tíðinda á lög-
reglustöðinni í Mosfellsbæ
var honum beint til Harðar nokk-
urs Jóhannessonar aðalvarðstjóra
þar í bæ. Hann var hins vegar
varaður við því að Hörður ætti það
til að svara mönnum helst í bundnu
máli. Við frekari eftirgrenslnan
kom í ljós hið hagnæmasta skúff-
uskáld og var því ekki úr vegi að
leyfa lesendum Fréttablaðsins að
njóta þess.

„Ég hef sett saman vísur af og
til frá því ég var ellefu ára gamall
en því miður hefur ekkert varðveist
af þessu eins og verða vill,“ segir
Hörður Jóhannesson íbygginn. „Ég
hef alltaf haft gaman af ferskeytl-
um og notað hin ýmsu tækifæri
til þess að setja saman stökur ef
gott tilefni hefur gefist til. Það má
segja að kveðskapur sé nokkurs
konar „að vera í stuði“ ástand. Því
stundum fæðast ferskeytlurnar um
leið og eitthvert atvik á sér stað en
stundum koma þær nokkru seinna.
Ég hef starfað í lögreglunni í 41 ár
og kynnst þar mörgum hagnæm-
um mönnum sem virtust hrísta
ferskeytlurnar fram úr erminni
án nokkurs erfiðis. Eflaust er það
frekar fyrir dálæti mitt á þessari
hæfni en skáldskaparhæfileika
minna að ég viðheld þessum vana
að setja saman vísur.“

Við frekari samræður við
Hörð fer blaðamanni að gruna að
laganna verðir séu sífellt í þessu
stuðastandi. „Ég skal segja ykkur
vísur sem urðu til þegar við vorum
sendir í hasti upp fyrir Tíðaskarð
vegna þess að þar voru hestar laus-
ir á veginum. En þegar þangað var
komið var enga lausa hesta að sjá
en innan girðingar sáum við eina
belju á beit:

*Tilkynnt var um trippi á mel,
talsvert var um að velja.
En undarlegast það ég tel
að trippið reyndist belja.*

*Beljan brosti blíð við oss,
bulaði og hrísti haus.
Hvergi sá ég annað „hross“
og helvítis beljan ekki laus.“*

Ekki er laust við það að lög-
reglumenn geri gys hver að öðrum
þegar tækifæri gefast til. „Eitt
sinn sá ég í Mogganum mynd af
móttöku lögreglunnar á leitarhund-
inum Barthez. Bar hundurinn sig
svo mannalega að hann rétti félagi
okkar loppuna við þetta tilefni.
Hjá stóðu þeir Geir Jón og Karl
Steinar og virtust mjög svo hrifnir
af þessari mannalegu framkomu
hundsins. Þá datt mér í hug að þeir
félagar hefðu verið heppnir að
hundurinn viðhafði ekki aðra siði
sem viðgangast á stundum sem
þessari svo ég kvað:

*Sá í Mogganum mætan hund
mannanna siði sýna um stund.
Mættur hann var á merkan fund,
með glotti hann sýndi þar ljúfa
lund.*

*Stóðu og stöðu þar halir tveir,
Steinar var annar en hinn heitir
Geir.
Horfðu á Barthez hendinni hossa*

*heppnir að hundurinn vildi ekki
kossa.“*

Laganna verðir komast oft í
hann krappan þó Hörður vilji meina
að fólk í Mosfellsbæ sé hið spak-
asta í hvívetna. En það er ekki allt
undir mannfólkinu komið því aðrir
íbúar í umdæminu geta verið til
vansa líkt og næsta vísa Harðar er
til vitnis um. „Eitt sinn vorum við
kallaðir að húsi þar sem húsmóðir-
in var í stökustu vandræðum vegna
ágangs hænu, sem síðar reyndist
vera hani, sem sat þar á heita pott-
inum og vildi í engu víkja. Eftir að
þessu útkalli lauk á farsælan máta
urðu þessar vísur til:

*Í símanum heyrði ég hástemmda
rödd,
hún hlaðin var angist og ótta.
Hún sagðist vera í lífsháska
stödd
og sífellt hún væri á flótta.*

*Á pallinum stæði ógnvaldur einn,
úfínn og yggldur á svipinn.
Hún kallaði komdu og vertu ekki
seinn,
komdu og fjarlægðu gripinn.*

*Ég spurði um gripinn og svarið
fékk,
sá yggldi var ógnvænleg púta.
Þá hræðsluhrollur um hrygg á
mér gekk,
hvernig í helvíti á henni að stúta.*

*Sem betur fer hafði ég hlið mína
við
hann Dolla sem vanur var veið-
um.
Við helvítis hænunni gefum ei
grið,
handsömum hana og eyðum.*

*Á staðinn við fórum á forgangi
fjögur,
á ferðinni varð mér samt ekki um
sel.
Í huga mér upphófust alls konar
sögur
um hænur sem gogguðu mennina
í hel.*

*Ég varlega læddist um grundina
græna,
gægðist um horn, grandvar að
vana.
En hamingjan góða það var engin
hæna,
hún hafði á leiðinni umbreytt í
hana.*

*Hanann ég elti um grundina
græna,
gaggandi hló og glotti að mér.
Heppinn að haninn var ekki
hæna
því hvað myndu aðrir hugsa með
sér?*

*Haninn varð leiður og vængina
þandi,
veglegt var flugið er burtu hann
rauk.
Þar með var búinn þessi þrúgandi
vandi
því við þetta eltingarleiknum nú
lauk.“*

Að svo kveðnu verður Hörður
að þjóta. Sennilega leikur einhver
haninn lausu stéli við Mosfellið.

VERKEFNASTJÓRAAKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR

Námslína sem hentar öllum þeim sem
þurfa að stjórna eða taka þátt í verkefnum
þar sem stefnt er að mælanlegum
og áþreifanlegum árangri.

Kynningarfundur á
Verkefnastjóraakademíunni verður
miðvikudaginn 18. janúar n.k.
klukkan 11:45 í Stjórnendaskóla HR.
Nánari upplýsingar og skráning
í síma 599 6404.

Leiðbeinendur:
Þórður Víkingur Friðgeirsson
Sigurjón Hákonarson



Námslína

	Dags.	Tími
Við erum að breyta! Rýmum verslun okkar í Kringlunni 20% aukaafsláttur af öllum vörum fram á sunnudag. Utilif Kringlunni

ATVINNA

Atvinna í boði



LAUS STÖRF Í SAL OG Á GRILLI.

Vilt þú vera hluti af frábærri liðshéild og vinna á lífflegum vinnustað? American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf eða hlutastarf í sal eða á grilli. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.

Umsóknareyðublað fast á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 533 1048.



Viltu koma að vinna á pizza hut

Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 20 og eldri. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is / loa@pizzahut.is. Frekari upplýsingar hjá veitingastjórum á Sprengisandi og í Smáralind.

Bakarí.

Starfsfólk óskast í afgreiðslu í bakaríð í Austurverji, Rangárseli og Langarima. Einnig vantar starfsfólk í þökkun og útkerfslu. **Uppl. í s. 587 1120 & 898 5277, Lovisa.**

Dagvinna.

Við óskum eftir lífflegum og góðum sölumönnum á dagvaktir, unnið er frá 10.00 - 16.00 alla virka daga. Tímakaup og bónusar. Hafðu samband í síma 575-1500 eða leggðu inn umsókn á vaktstjorn@skulason.is **Skúlasón ehf Laugavegi 26 101 Reykjavík www.skulason.is**

Góð vinna með skóla Kvöldvaktir

Við óskum eftir lífflegum og góðum sölumönnum á kvöldvaktir unnið er frá 18:00 - 22:00 Næg verkefni framundan. Tímakaup og bónustar. Hafðu samband í síma 5751500 og leggðu inn umsókn eða sendu á vaktstjorn@skulason.is

Skúlasón ehf Laugavegi 26 101 Reykjavík www.skulason.is

Bakarið hjá Jóa Fel

Bakarið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvégi. Vantar hress og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig eru laus störf um helgar. **Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakarið Hjá Jóa Fel, Kleppsvégi 152.**

Sagtækni auglýsir.

Steinsteypusögun!
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.

Upplýsingar í s. 893 3236.

Störf í boði á svæði 220 og 225

Höfum í boði nokkur störf á Álftanesi og í Hafnarfirði við ræstingar eftir klukkan 16:00 virka daga, vinnuhlutfall 27-40%.

Upplýsingar á www.iss.is eða í síma 5 800 600.



Starfsmaður óskast í þríf og þaðvörslu. Vinnutími 16-22 ca 15 daga í mánuði. Uppl. í síma 846 2117.

Veitingahúsið - Lauga-ás.

Okkur vantar áhugasaman og lífs-glaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna.

Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Café Oliver

Óskum eftir vönum barþjónum og þjónum í sal. Áhugasamir hafi samband við Arnar í síma 821 8500 eða á arnar@cafeoliver.is.

Garðabær bakarí

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

Maður á besta aldri óskar eftir atvinnu. Er með meirapróf, rútupróf, vinnuvéla-réttindi og vanur tölvuvinnslu. Uppl. í síma 863 7756 eftir kl. 18.

Bakarið Kornid vantar fólk í afgreiðslu fullt starf og hlutastörf sem henta skólafólki vel. Upp í s. 864 1585 & vardi@kornid.is

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími 12 til 18. 4 O dot. Laugavegi 100. Uppl. í síma 863 6122

Kerfi ehf. Óskum eftir starfskröftum í útkeyrslu á vörum. Umsóknir óskast sendar á bjarni@kerfieh.is

Vanan háseta vantar strax á Eldhamar frá Grindavík. Uppl. í s. 894 2013.

Hressingarskálinn, Austurstræti 20 óskar eftir skemmtilegu starfsfólki í fasta dag- og kvöldvinnu, einnig er laust í aukavinnu um helgar. Umsóknir á Hressó.

Múlakaffi leita að starfsmanni í pottauppvask. Góð laun í boði og mikil vinna. Uppl. í síma 660 7886 eða 553 6737.

Rafvirkjar

Er ekki kominn tími til að skipta um vinnustað? Vantar 2-3 menn, eingöngu í innivinnu. Ýmis hlunnindi í boði. Uppl. í s. 660 4090, Birgir.

Óskum eftir starfskrafti í heilsdagsstarf, einnig vantar okkur starfskraft til hluta-starfs, 2-3 daga í viku eða hluta úr degi. Uppl. gefur verslunarstjóri í s. 551 0224 og í versluninni. Melabúðin, Hagamei 39.

Óska eftir starfskrafti á bar frá ca 15.30-20 á virkum kvöldum. Uppl. í s. 848 6392.

Atvinna - Selfoss

Bífvélavirki eða viðgerðamaður óskast til að sjá um viðgerðir og viðhald á bíl-um og vinnuvélum. Miklir möguleikar í boði fyrir rétta manninn, aðeins vanur maður kemur til greina. Á sama stað vantar til vinnu vélmann með meira-próf. Uppl. í s. 862 0727.

Hjálmarsson Ehf

Vanir menn óskast í byggingarvinnu. Uppl. í s. 897 5141, Andrés.

Atvinna óskast

25 ára kvk óskar eftir vinnu, skoða allt. Er með 386 slög/mín í vélritun. Tök próf. Hafið samband í sih@centrum.is

26 ára KK óskar eftir atvinnu, allt kemur til greina. Hef meirapróf. S. 697 3103 Helgi.

Viðskiptatækifæri

Ef þú vilt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða <http://www.sigradu.com>.

Hefur þú áhuga á 100 þús + aukalegri innkomu á mánuði? Aukavinna.com

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

TILKYNNINGAR

**Efnistaka úr Ingólfsfjalli í Sveitarfélaginu Ölfusi.****Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar**

Fossvélar ehf. hafa tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku úr Ingólfsfjalli í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **13. janúar til 24. febrúar 2006** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofum Sveitarfélaganna Ölfuss og Árborgar, á bókasafninu í Þorlákshöfn, á bókasafninu á Selfossi, í Þjóðarboðklöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Línuhönnunar verkfræðistofu: www.lh.is

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **24. febrúar 2006** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Vakin er athygli á að opið hús þar sem niðurstöður skýrslunnar eru kynntar verður haldið að Kjarri í Ölfusi þann 26. janúar nk. milli kl. 17 og 19. Öllum er heimilt að koma og kynna sér framkvæmdina. Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Skipulagsstofnun

**Myndlistarmenn – Rithöfundar**

Menningarmálanefnd Hveragerðisbæjar auglýsir eftir umsóknum um dvöl í húsinu Varmahlíð í Hveragerði. Íbúðarhúsið er búið öllum húsgögnum og tækjum og Hveragerðisbær mun greiða kostnað vegna rafmagns og hita. Gestalistamenn fá endurgjaldslaus afnot af húsinu. Engin vinnustofa fylgir húsnæðinu.

Óskað er eftir því að í skriflegum umsóknum, sem senda á til menningarmálanefndar Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði, komi fram æskilegt dvalartímabil og að hverju listamaðurinn hyggst vinna meðan á dvölinni stendur. Úthlutun dvalartímabla mun fara fram í lok janúar og mun vera úthlutað frá febrúar 2005.

Allar frekari upplýsingar svo og umsóknareyðublöð fást á skrifstofum Sambands íslenskra myndlistarmanna, Hafnarstræti 16, 101 Reykjavík, sími 551 1346 og Rithöfundasambands Íslands, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík, sími 568 3190. Einnig er hægt að leita upplýsinga hjá skrifstofustjóra Hveragerðisbæjar í síma 483 4000.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is **Umsóknarfrestur er til 24. janúar n.k.** Menningarmálanefnd Hveragerðisbæjar

**Mat á umhverfisáhrifum****– Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Breytingar á tækjabúnaði fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar á Neskaupstað, Fjarðabyggð. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufræstur til 13. febrúar 2006.

Skipulagsstofnun

**SÚÐAVÍKURHREPPUR**
Auglýsing um deiliskipulag

Sveitarstjórn Súdavíkurhrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi í landi Hlíðar í Álftafirði Súdavíkurhreppi, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er heildarstærð skipulagssvæðisins 15 ha og gert er ráð fyrir 15 lóðum fyrir frístundahús. Sex lóðanna eru ofan þjóðveggar og níu lóðir eru neðan þjóðveggar.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð er til sýnis á skrifstofu Súdavíkurhrepps, að Grundarstræti 3, 420 Súdavík frá og með 19. janúar 2006, til og með 16. febrúar 2006. Einnig er skipulagsuppdráttinn að finna á heimasíðu Súdavíkurhrepps, www.sudavik.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til fimmtudagsins 2. mars 2006 og skulu þær vera skriflegar.

Athugasemdum skal skila á skrifstofu Súdavíkurhrepps að Grundarstræti 3 Súdavík.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkuð henni.

Sveitarstjóri Súdavíkurhrepps

ATVINNA

365

Óskum eftir jákvæðum og hressum starfskrafti í þjónustuver okkar aðra hverja helgi.

Starfið felst að mestu í sölu á smáauglýsingum í Fréttablaðið og DV en þjónustuverið sér einnig um skiptiborð og móttöku

Umsóknir berist á smaar@frett.is merkt „Helgarvakt“ fyrir 19. janúar 2006.



REYKJALUNDUR
endurhæfing


LÆKNAR

Laus er til umsóknar staða læknis á lungnasviði Reykjalundar. Á lungnasviði fer fram endurhæfing fólks með langvinna lungnateppu og aðra þá lungnasjúkdóma sem þarfnast endurhæfingar. Þar starfa tveir sérfræðingar í lungnalækningum.

Staðan er laus frá 1. febrúar. Hún er veitt til tveggja ára en möguleiki á styttri ráðningartíma.

Frekari upplýsingar gefur Hjördis Jónsdóttir lækningaforstjóri í síma 585-2000, netfang hjordis@reykjalundur.is

SJÓNARHORN



FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

Starrinn og þrósturinn deila brauði.

Pantaðu bás
á netinu
Kolaportid.is

opið um helgar kl. 11-17

VISSIR ÞÚ

... að þann 17. apríl komu 77 Elvis Prestley eftirhermur saman í verslunar-miðstöð í London og sungu saman „viva las Vegas“?

... að þann 19. mars árið 2005 bjó Fan Yang frá Kanada til sápukúlu sem var það stór að inni í henni rúmuðust átján fullorðnir einstaklingar?

... að Matthias Jeschke frá Þýskalandi ók jeppa sínum af tegundinni Toyota Land Cruiser 90 í yfir 6.350 metra yfir sjávarmáli í Suður-Ameríku?

... að lengsta hjónabands núlifandi fólks er milli Percy og Florence Arrowsmith sem fögnuðu áttatíu ára brúðkaupsaf-mæli sínu þann fyrsta júní í fyrra?

... að fílharmóníusveitin í New York hefur haldið 14.000 tónleika á síðustu 162 árum?

... að stærsta bankarín sögunnar var framið í Northern Bank í Belfast, 19. til 20. desember árið 2004 þegar 3.312 milljónum króna var stolið út hirslum bankans?

... að hundurinn Trigger frá Bandaríkjun-um hefur eyru sem eru 34,9 sentimetrar á lengd?

... að Star Wars Episode III - Revenge of the Sith halaði inn hæstu miðasölutekj-um á frumsýningardegi í maí 2005?

... að frumsýningartekjurnar voru 3.250.900.835 krónur?

... að myndin var frumsýnd í 115 löndum þann dag sem er umfangsmesta heims-frumsýning allra tíma?

EINN DAGUR EFTIR!

ÚTSALA
Á ÖLLUM
VÖRUM!

30-60% AFSLÁTTUR

Allar verslanir opnar 10-14 í dag í tilefni útsölnnar!

Bílanaust

allt
hús

Alla mánudaga

535 9000
bilanaust.is

Smiðjuvegur 4a • Kópavogur ▶ 535-9100

Bíldshöfði 9 • Reykjavík ▶ 535 9000

Dalshrauni 17 • Hafnarfjörður ▶ 555-4800

Hafnargata 90 • Keflavík ▶ 421-7510

Álaugarvegi 2 • Höfn ▶ 478-1490

Lyngási 13 • Egilsstaðir ▶ 471-1244

Dalsbraut 1 • Akureyri ▶ 461-5522

Hrísmýri 7 • Selfoss ▶ 482-4200



Hver fann upp tölurnar?

Talið er að stærðfræði hafi verið til hjá öllum menningarþjóðum allt frá því að sögur hófust. Hins vegar voru það aðeins sérþjálfaðir prestar og skriftlærðir sem iðkuðu stærðfræði og höfðu það hlutverk að þróa hana og nota í þágu yfirvalda til að innheimta skatta, sjá um mælingar, byggingar, viðskipti, tímatöl og annað slíkt. Stærðfræðin var þannig eins konar valdataeki og henni einungis miðlað til fárra útvaldra, oft í munnlegri geymd.

Einföld stærðfræði

Einfaldasta stærðfræðin, að telja, virðist alltaf hafa verið iðkuð. „Guð skapaði heilu tölurnar. Allt annað er mannanna verk“ er haft eftir stærðfræðingnum Kronecker (1823–1891). Heimildir eru til um að menn hafi notað hnúta á bandi, steinvölur eða jafnvel lambaspörð til að fylgjast með fjölda, til dæmis búpenings. Tölur voru því til þó þær væru ekki endilega ritaðar.

Evrópskar tölur	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Arabísk-indverskar	.	١	٢	٣	٤	٥	٦	٧	٨	٩
Índó-franskur (Persneskar og Úrú)	.	١	٢	٣	٤	٥	٦	٧	٨	٩
Devanagari (Hindi)	.	१	२	३	४	५	६	७	८	९
Tamil	.	௧	௨	௩	௪	௫	௬	௭	௮	௯

Tölur í nokkrum ritmálum.

Tölum safnað í knippi

Heiti fyrir lágur tölur eru til í öllum tungumálum. Venjulega hafa fyrstu tíu tölurnar sérstök heiti, en þegar einingunum fjölgrar þarf að safna þeim saman í eins konar knippi. Vanalegast er að hafa tíu í knippi, einn tug, en önnur flokkur er einnig til. Þá er gjarnan talið í tylftum, til dæmis tylft eggja. Tölf tugir hétu stórt hundrað í fornu máli íslensku.

Í frönsku og dönsku telja menn tuttugu í knippið. Áttatíu á frönsku er 'fjórir tuttugu', 'quatre-vingt', og á dönsku er áttatíu 'fjórur sinnum tuttugu' eða 'firsindstyve', stytt í firs. Babýloníumenn notuðu jafnvel sextíu í knippi. Tugurinn var þó eins konar undirknippi.

Talnaritun

Fyrstu reiknitækni til að fylgjast með knippunum hafa væntanlega verið fingurnir tíu, eitt knippi. Síðan þróuðust reiknigrindur með mörgum þjóðum til að halda reiður á talningunni. Talnaritunin tók síðan mið af talnakerfunum sem mótuðust í tungumálinu. Hjá mörgum þjóðum var talnaritunin ekki vel til þess fallin að skrá stórar tölur. Má þar nefna rómverska talnaritun. Babýloníumenn töldu einingar með lóðréttum fleygtáknum en notuðu sérstakt tákn fyrir tuginn, lárétt fleygtákn. Síðan var sex tugum safnað saman í eitt tákn sem var eins og einingin, lóðréttur fleygur, en hafði annað sæti.

Talnaritun sú sem nú tíðkast er komin frá Indverjum segir í fornum íslenskum ritum, en hún barst til Evrópu frá Aröbum á 12. og 13. öld. Það má því segja að Indverjar hafi fundið upp talnaritun okkar

og að tölur okkar séu ritaðar með þeim hætti sem tíðkaðist á Indlandi.

Kristín Bjarnadóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands

TIL HVERS ÞARF AÐ LÆRA STÆRÐFRÆÐI ÞEGAR VIÐ GETUM NOTAÐ REIKNITÖLVU?

Í tölvuvæddu upplýsingasamfélagi hefur einstaklingurinn mun meiri þörf fyrir stærðfræðikunnáttu en áður og þjóðfélagið hefur þörf fyrir fleiri einstaklinga með mikla stærðfræðikunnáttu. Vissulega er hægt að ímynda sér að einstaklingur geti átt góða ævi án þess að hafa nokkra nasasjón af stærðfræði en það að kunna enga stærðfræði takmarkar mjög möguleika einstaklingsins á öllum sviðum lífsins.

Tölur koma ekki í okkar stað

Kannski finnst einhverjum að í skólum sé of miklum tíma eytt í að æfa reikniáferðir og að alla þá reikninga megi gera á mun einfaldari og fljótlegru hátt með tölum. Tölur geta reiknað margt fyrir okkur en tölva getur ekki ákveðið hvað á reikna, hvenær á að reikna, hvernig á að reikna og hvað útkoman segir okkur. Til þessa þarf manneskju sem kann stærðfræði.

Þjálfun fyrir heilann

Reikniæfingar í skólum með blaði og blýanti hafa ekki bara þann tilgang að nemandinn læri nákvæmlega áferðir heldur er stefnt að því að nemandinn kynnist betur tölunum, vingist við þær og öðlist skilning á eðli þeirra. Slíkt nýtist vel þegar kemur að algebrunámi síðar meir en algebra er til dæmis nauðsynleg ef menn vilja nýta sér möguleika töflureikna til hlífur. Það að reikna er síðan aðeins lítill hluti af stærðfræði; stærðfræði snýst um að skilja en ekki að reikna. Hluti af stærðfræðinámi er fölginn í að leysa alls kyns þrautir og verkefni sem hugsa má sem þjálfun fyrir heilann líkt og líkaminn er þjálfður í íþróttatímum.

Tölur eru hjálpartæki

Án efa er það rétt að nota megi tölur mun meira við stærðfræðikennslu á öllum skólustigum og mun það vonandi breytast á næstu árum. Markmið kennara er að tölur séu notaðar til að auka skilning nemandar á efninu og þannig að þeir verði betur búnir undir að nota tölur sem hjálpartæki í framtíðinni og læra á ný forrit. Það er ekki nógu gott ef slökknar á heilabúi nemandans um leið og kveikt er á tölvunni.

Vor og haust má oft sjá nemendur Menntaskólans í Reykjavík hlaupa kringum Tjörnina. Að minnka kennslu í stærðfræði vegna þess að hægt sé að reikna allt í tölvu er að mínu mati álíka skynsamlegt og að íþróttakennarar í Menntaskólunum í Reykjavík legðu af hlaupin kringum Tjörnina vegna þess að miklu auðveldara og fljótlegra sé að keyra í kringum hana á bíl.

Rögnvaldur G. Möller, stærðfræðingur við Raunvísindastofnun HÍ

Fylgiklausa: Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförunu eru: Hvernig skilgreinir maður hring, getum við munað eftir einhverju sem gerðist í lífi okkar fyrir þriggja ára aldur, hvað er tilfinningagreind, hvað er yrki eða botti, hvaða dýr búa í Kongó, erfast skuldir frá foreldrum og hvort er minna ríki, Mónakó eða Vatíkanið? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is

SÖNGNÁMSKEIÐ

ÖRFÁ PLÁSS LAUS

Leynigestakennari

SKÓLINN ER AÐ BYRJA · OPIÐ ALLA HELGINA

Námskeið fyrir börn og fullorðna á vorönn 2006 í Söngskóla Maríu Bjarkar hefjast í janúar. Við kennum leik, söng og sviðsframkomu og eru leiðbeinendur okkar allir atvinnumenn á sínu sviði með mikla reynslu.



María Björk
Skólastjóri/Kennari



Regína
Yfirkennari/kennari



Friðrik Ómar
Söngvari/Kennari



Rannveig
Söngkona/Kennari



Jónsi
Söngvari/Kennari



Þóra
Söngkona/Kennari



Ragnheiður
Söngkona/Kennari



Sara
Söngkona/Kennari



Eivör Pálsdóttir
Söngkona/Kennari



Alma Rut
Söngkona/Kennari



Björgvin Frantz
Leikari/Kennari



Yesmine
Dansari/Kennari

NÝTT!

Núna bjóðum við einnig upp á forskóla fyrir 3-5 ára krakka.



Nylon koma í heimsókn



Á vorönn verða haldin **Master Class námskeið** fyrir vana og atvinnusöngvara. Kennarar eru Hera Björk og Gudrun Holck, sem er með mastergráðu í söng frá skóla Cathrine Sadolin, Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn

Bókunarsími: 575 1512 & 897 7922 eða á aria@islandia.is,
www.poppskolinn.is, Fákafeni 11, s. 588 1111

Söngskóli
MARIU BJARKAR



YGGDRASILL HEFUR FLUTT Í STÆRRA OG BETRA HÚSNÆÐI. Nú er hægt að kaupa þar allt sem þarf í matinn.



EINAR HRAFN ÞÓRHALLSSON í Kaffi Hljómálinnd gengur í gúmmískóm

Græna byltingin

Finnst ungum landsmönnum siðferðislega rangt að borða kjöt? Eru Íslendingar að vakna til heilsuvitundar? *Valur Gunnarsson* athugar málið.

Það er vonlaust að vera grænmetisæta á þessari eyju,“ sagði einn erlendur skiptinemi sem yfirgaf Ísland um áramótin. „Það er ekki hægt að fá kjötlausa rétti nema maður eldi heima öll kvöld, og ég neyddist til að byrja að borða fisk hérna. Það er þörf á byltingu í þessum efnum,“ bætir hún við. Byltingin er reyndar þegar hafin þótt lítið hafi farið fyrir henni. „Þegar ég byrjaði fyrir 20 árum þótti ég skrytinn að ætla að vinna í svona búð,“ segir Lína í Heilsuhúsinu, búð sem selur eingöngu lífrænt ræktaðar vörur. Lífrænt merkir að engin gerviefni eða skordýraeitur eru notuð við framleiðslu þeirra. „Þættir eins og You Are What You Eat hafa

áhrif. Mannskepnan hefur ekki breyst undanfarin ár, en það er búið að bæta um 300 aukaeftum í matinn á ekki löngum tíma. Sumir segja að maður þurfi að skera ysta sentimetrann af eplinu til að losna við eitrefnin.“

Guð og svín

Lína segist þó ekki vera grænmetisæta eingöngu og María samstarfsskona hennar samsinnir því: „Ég er búin að henda út svíni og nauti, og borða bara kjöt af kjúklingi og fiski. Þegar ég fór að kynna mér málið komst ég að því að svín voru áður full af ormum, en eru nú alin á penisillíni. Einnig svitna þau ekki. Það er ekki að ástæðulausu af mörg trúarbrögð banna svínakjötsát.“

Þær leggja líka áherslu á endurnýjun. „Við skiptum um ávexti vikulega, en margir aðrir gera það bara mánaðarlega.“ Hún segir að viðskiptavinum hafi fjölgað gífurlega undanfarin 5-7 ár. „Og með eftirspurninni eykst úrvalið, sem eykur svo aftur eftirspurnina,“ segir Lína. Hún segir konur einnig vera áberandi fleiri. „En þó eru mun fleiri karlmenn af yngri kynslóðinni en þeirri eldri. Svo virðist sem listaspírurnar í 101 borði síður kjöt.“ Heilsuhúsið selur einnig lífrænar hreinlætisvörur, snyrtivörur og fleira. Auk versunarinnar á Skólavörðustíg er ein í Kringlunni, ein á Smáratorgi og ein á Selfossi.

Rétt ofar í götunni er búðin Yggdrasill, sem flutti í maí síðastliðnum úr sínum gamla stað, en nýja rýmið er mun stærra en hið gamla. „Búðin var bókstaflega að springa utan af okkur,“ segir afgreiðslustúlkan þar.

Ekki mikið af strákum

„Mér finnst eins og hópurinn sé að stækka. Fyrst var þetta mest sama fólkið sem kom hingað aftur og aftur og sumir þeirra voru með ofnæmi fyrir kjötvörum. En nú eru það ekki bara grænmetisæturnar, heldur alls konar fólk sem vill ná sér í hollan skyndibita,“ segir Hjördis Gísladóttir á Grænum kosti. „Nú eru farnar að koma hingað dætur kvennanna sem komu hingað þegar staðurinn byrjaði fyrir ellefu árum. Hingað kemur mikið af ungum stúlkum sem eru að byrja að búa, en enn ekki mikið af strákum. Stelpur virðast hafa meiri áhuga á því hvað þær setja ofan í sig.“

Hún segist þó ekki vera grænmetisæta sjálf. „En hlutfall grænmetis af því sem ég borða er alltaf að verða meira og er nú orðið um 70-80 prósent. Það er bragðgott og fer vel í mann.“ Hjördis hefur lengi verið skólastjóri hjá heilsuskóla Náttúru-lækningafélagsins, og því kviknaði áhugi hennar á grænmetisæði er hún var í heilsuáttaki. „Þegar ég opnaði staðinn voru aðeins tveir grænmetisstaðir í bænum, en aukinn fjöldi þeirra virðist ýta undir eftirspurnina.“

Villibráð besta kjötið

„Þessi lífstíll hentar mér vel. Ég er þó ekki 100% grænmetisæta, og borða rautt kjöt einu sinni til tvisvar í mánuði, og þá helst villibráð,“ segir Sæmundur Kristjánsson, eigandi Á næstu



SÆMUNDUR KRISTJÁNSSON segir fjölda grænmetisætna fara stígvaxandi með hverju ári.

grösam á Klapparstíg, sem einnig er með útibú í Fossvoginum. „Það er stígandi á hverju ári. Ég myndi segja að hlutfall karla á móti konum væri svona 40 á móti 60 prósent.“ Sæmundur var áður yfirkokkur á Borginni. „Lúxusmatreiðsla er í sjálfu sér óholl, þar sem maður getur leyft sér hvað sem er. En ég vildi prófa eitthvað nýtt og stökk því í djúpu laugina ósyndur. En þetta lærirst eins og annað.“

Svo virðist að flestir sem taka upp grænmetisát geri það af heilsufarsástæðum, og aukin grænmetisneysla á Íslandi sé fyrst og fremst sökum aukins hlutfalls grænmetis í mataræði



HJÁLMAR, eitt af harðkjarnaböndunum.

frekar en vegna aukins fjölda grænmetisætna.

Sumir eru þó meiri hugsjónamenn hvað matarvenjur varðar.

Svínunum látið blæða út

„Ég drekk mjólk en borða ekki egg,“ segir Einar Hrafn Þórhallsson í Kaffi Hljómálinnd. „En það er svonefnd bio-mjólk, úr kúm sem fá að fara út og hreyfa sig, og er framleidd af bio-búi í Hvalfirðinum. Í Bandaríkjunum nota menn mikið af hormónum sem fara illa með skepnuna, og það er séð til þess að hún hreyfi sig sem minnst svo hún fitni sem mest. Meira að segja á Íslandi eru lifandi svín hengd upp á krók og látið blæða út.“ Það voru þó ekki hugsjónaástæður sem gerðu hann að grænmetisætu til að byrja með. „Ég hafði engar áhyggjur af

að vera að drepa dýr og var fastagestur á Nonnabátum. Ég ákvað að gerast grænmetisæta fyrir nokkrum árum og fann fyrir því að skapaði batnaði, ég varð minna pirraður og mér leið betur. Og smám saman fór ég einnig að hafa meiri áhuga á réttindum dýra. Dýr hafa sama rétt á því að lifa og við, og við höfum möguleikann á því að sleppa kjötáti.“

Hann klæðist heldur ekki fötum úr dýrafurðum, og eru þannig skór fáanlegir í Hljómálinnd.

„Þeir eru búnir til úr iðnaðarhampi og endurunum dekkjum. Þetta er frá kanadísku fyrirtæki sem sér til þess að fólkinu sem býr skónatil eru borguðmannsæmandi laun, en efnið kemur frá Rúmeníu og þeir eru framleiddir í Portúgal. Í stað þess að vera með lógó eru þeir með hvítan blett svo þú getir búið til eigið lógó. Þetta eru svona siðferðilega réttir skór.“

Tommaborgarar úr grænmeti

Honum finnst ekkert sérstaklega erfitt að vera grænmetisæta í Reykjavík. „Þetta er að verða auðveldara og auðveldara. Grænmetisstöðum hefur fjölgað mikið upp á síðkastið, og Hagkaup og Bónus eru komin með sér heilsuhorn. En eftir að Yggdrasill flutti í stærra húsnæði er í raun hægt að fá allt sem maður þarfnast þar. Það er svo jafnvel hægt að fá grænmetisborgara á Hamborgarabúllunni.“

Einar hefur ekki einungis hætt að borða kjöt og fisk. „Ég stunda jógamataræði, sem þýðir að ég borða ekki heldur lauk, sveppi eða mygluost, vegna eitrefnanna sem í þeim eru.“

Einar er einn af stækkandi hópi ungra manna sem hætt hefur að borða kjöt, en meðal annarra má nefna harðkjarnatónlistarmenn eins og Sigga pönk og Birki í I Adapt, trúþadorinn Þóri og flesta meðlimi í hljómsveitinni Hjalmmum. Það kraumar í Grænu byltingunni.

valurg@frettabladid.is

SONY

Viltu það besta?

Aðalvinningur
30" Sony LCD sjónvarp
KLV30HR35
Sony Heimabíó
DAV-DZ500

Taktu þátt!

Sendu SMS skeytið
BTC FSC á númerið 1900

Fullt af aukavinningum

12. hver vinnur

ÖLLUM SEM TAKA ÞÁTT VERÐUR BODIÐ Á
SÉRSTAKA FORÚTSÖLU HJÁ SONY CENTER KRINGLUNNI

Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

Vinningar verða afhentir hjá Sony Center Kringlunni, Rvk. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

▶ HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

ÚTSALA

ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPU
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG *DIBOSS* THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

37%

TÖKUVÉL MEÐ DISK

VERÐ ÁÐUR kr. 94.990

TILBOÐ kr. 59.990

AFSLÁTTUR kr. 35.000

JVC MEÐ HÖRÐUM DISK

21%

21" SJÓNVARP

VERÐ ÁÐUR kr. 18.990

TILBOÐ kr. 14.990

AFSLÁTTUR kr. 4.000

UNITED

15%

42" PLASMASJÓNIV.

VERÐ ÁÐUR kr. 199.990

TILBOÐ kr. 169.990

AFSLÁTTUR kr. 30.000

THOMSON

30%

DVD SPILARI - DivX

VERÐ ÁÐUR kr. 9.990

TILBOÐ kr. 6.990

AFSLÁTTUR kr. 3.000

GRUNDIG 

20%

21" SJÓNVARP - DVD

VERÐ ÁÐUR kr. 24.990

TILBOÐ kr. 19.990

AFSLÁTTUR kr. 5.000

UNITED 

46%

HEYRNARTÓL

VERÐ ÁÐUR kr. 1.290

TILBOÐ kr. 690

AFSLÁTTUR kr. 600

JVC

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL 

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HEIMABÍÓKERFUM **FRÁ KR. 9.990** PHILIPS JVC UNITED



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

Úr snyrtifræði til hjálparstarfs

Hanna Sigríður Ragnarsdóttir hélt upp á 21 árs afmæli sitt á Mekong-fljóti í Kambódíu. Þar starfaði hún á munaðarleysingjahæli áður en hún hélt til Taílands til að vinna á heimili fyrir stúlkur sem bjargað hefur verið úr kynlífsþrælkun. *Sólveig Gísladóttir* ræddi við hinn unga snyrtifræðing um reynslu hennar af brosmildum börnum og hreinskilnum fórnarlömbum.

Hún lítur út eins og hver önnur íslensk stelpa sem hefur gaman af bioferðum, skemmtunum og slúðri með vinnum. Hanna Sigríður Ragnarsdóttir hefur þó upplifað mun meira en mörg stúlkur á hennar aldri enda hélt hún upp á 21 árs afmæli sitt á Mekong-fljóti í Kambódíu.

„Mig hefur alltaf langað til að prófa eitthvað nýtt en samt verið hrædd við að fara eitthvað út í heim og ekki beint týpan til að taka stóra skrefið og stökkva burt,“ segir Hanna þegar hún rifjar upp hvernig það æxlaðist að hún fór að vinna við hjálparstarf í Taílandi og Kambódíu á síðasta ári. Hún

Kambódíu og áttum að taka rútu til höfuðborgarinnar á landamærunum en misstum af henni. Þarna stóðum við á landamærum Kambódíu með fullt af berrösuðum krökkum og betlurum og vissum ekkert hvað við áttum að gera,“ lýsir Hanna en það vildi svo vel til að hópurinn rakst á dreng sem var viljugur til að hjálpa þeim og útvegaði þeim pláss á gistiheimili einu heldur hrörlegu. Þangað komust þau á mótörhjólum, sem er aðalferðamátið í Kambódíu, og sátu tvö aftan á hverju hjóli.

„Við komust reyndar að því síðar um nóttina að ekki var allt með felldu með þetta gistihús



MEÐ NEMENDUM Í KAMBÓDÍU Hanna Sigríður með nokkrum stúlkum af munaðarleysingjahælinu í Kambódíu þar sem hún kenndi ensku.

hafði útskrifast úr Snyrtiskóla Kópavogs haustið 2004 og ákvað þá að gera eitthvað allt annað.

Hanna fann á netinu skóla í litlu þorpri norður af Lundúnum þar sem kennt er hvernig standa eigi að hjálparstarfi. Þar dvaldi hún í þrjú mánuði áður en hún og nokkrir skólafélagar hennar héldu til Kambódíu og Taílands til að læra af reynslunni enda getur engin bókleg kenning komið í staðinn fyrir kynni af raunverulegu lífi.

Gist á vændishúsi

„Fyrsta kvöldið í Kambódíu var örugglega með þeim erfiðari í lífi mínu,“ rifjar Hanna Sigríður upp. „Við keyrðum frá Taílandi til

þegar fóru að heyrast ýmis óhljóð úr næstu herbergjum og menn fóru að koma með konur inn. Þá rann upp fyrir okkur að þetta væri vændishús,“ segir Hanna kímín því sagan er myndin þó annað hafi hún hugsað á sínum tíma. „Þetta var mikið menningarsjokk svona fyrstu nóttina að sofa í rifnum sængurverum með kakkalakka skrífandi upp úr holunni sem átti að heita klósett.“

Brosmildir munaðarleysingjar

Það kom Hönnu hvað mest á óvart við komu sína til Kambódíu hvað allir voru brosmildir þrátt fyrir það harðræði sem fólk hefur þurft að upplifa og sorglega sögu



TIL HJÁLPAR Hanna Sigríður Ragnarsdóttir gæti vel hugsað sér að helga líf sitt því að hjálpa öðrum.

landsins. Hanna starfaði í rúman mánuð við enskukennslu á munaðarleysingjahæli í Kambódíu. Á heimilinu voru krakkar frá fimm til átján ára aldurs. „Krakkarnir voru rosalega opnir. Um leið og við komum hlupu þau í kringum okkur og knúsuðu eins og þau hefðu alltaf þekkt okkur,“ rifjar Hanna upp. „Þau voru svo þakklát en í raun höfðu þau miklu meiri áhrif á líf okkar en við höfðum nokkurn tíma á þeirra,“ segir Hanna sem fannst frábært að sjá vilja þessara barna til að læra. „Það er frábært skólakerfi á Íslandi en maður nennir varla að læra, svo eru þarna krakkar sem vilja fá að vita allt milli himins og jarðar,“ segir Hanna upprifin af kynnum sínum af þessum námsfúsu börnum sem mörg áttu foreldra á lífi en svo illa farna af jarðsprengjum að þeir gátu ekki séð um þau.

Hún minnst þess hve erfitt var að yfirgefa krakkana og landið. „Það var rosalega erfitt að segja bless við krakkana og mjög tilfinningaríkt því ekki var ljóst að við myndum nokkurn tíma sjá þau aftur.“

Bjargað úr kynlífsþrælkun

Eftir mánaðardvöl í Kambódíu hélt Hanna ásamt nokkrum félögum til Norður-Taílands. Þar reka bandarísk hjón heimili fyrir stúlkur sem bjargað hefur verið úr kynlífsþrælkun. Þessi hjón ákváðu þegar þau komust á eftirlaunaaldur að fara til Taílands og gera eitthvað við líf sitt.

„Það sem þau gera er að fara

í fjallaþorp þar sem fjölskyldur eru stórar og ekki óalgengt að ung stúlkubörn séu seld hörmöngurum. Þau fara þá og yfirbjóða hörmöngarana og hafa bjargað mörgum stúlkum frá slæmri reynslu,“ ústkýrir Hanna en einnig hafa hjónin farið í björgunarleiðangra

Segja já til að halda lífi

„Þessi stúlka var búin að vera tvö ár í kynlífsþrælkun en hún var seld þangað fjórtán ára gömul. Þessi stelpa var komin með alnæmi og búin að eignast barn sem var á heimili fyrir alnæmissmituð börn,“ segir Hanna en saga hennar fékk töluvert á hana. „Hún vildi ekki tala mikið um smáatriði en tók skýrt fram að stúlkur segi aldrei nei. Ef þær vilji halda lífi segi þær já,“ lýsir Hanna og hryllir við sögum af því þegar hörmöngararnir tóku meydóm stúlkanna.

Með foreldra og Jesú að fyrirmynd

Þegar Hanna kom heim rétt fyrir jólin fékk hún í raun annað menningarsjokk að sjá það neyslubrjáladi sem hér ræður ríkjum. „Mér fannst rosalega sorglegt að sjá að þrátt fyrir að við búum í frábæru landi þar sem maður hefur ekkert að óttast og allir hafa allt til alls, þá eru svo margir óhamingjusamir,“ segir Hanna sem heldur aftur út til Englands von bráðar til að vinna að forvarnarstarfi í enskum skólum. „Ég mun tala við krakka um alls konar málefni sem ekki eru kennd í Englandi, líkt og getnaðarvarnir, fóstureyðingar og mismunandi menningarheima,“ segir Hanna sem gæti vel hugsað sér að helga líf sitt því að hjálpa öðrum. „Mér finnst áskorunin mikil og góð og ég hef þroskast mjög mikið og get varla beðið eftir framhaldinu,“ segir snyrtidaman unga sem hefur bæði foreldra sína og Jesú að fyrirmynd. ■



Á VÆNDISHÚSI FYRSTU NÓTTINA Hanna og félagar hennar urðu strandaglópar á landamærum Taílands og Kambódíu. Þau urðu að gista á gistiheimili sem reyndist síðan vera vændishús.

NLP Námskeið

Neuro - Linguistic - Programming

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Langar þig í betri líðan?
- Finnst þér að fáir skilji þig?
- Er eitthvað í fari þínu sem að þú vilt vinna bug á?
- Finnst þér að öðrum gangi betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni sem þú byrjar á?
- Finnst þér erfitt að höndla gagnrýni?

Með NLP aðferðum getur þú auðveldlega breytt lífi þínu og skapað þína eigin framtíð.

NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu

NLP Námskeið verður haldið 30.janúar til 10.febrúar í Reykjavík.

Leiðbeinandi: Kári Eypósson MPNLP.
Upplýsingar í síma: 894-2992
Netfang: kari@ckari.com


Nánari upplýsingar um NLP má finna á: www.ckari.com



! ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

Góður afsláttur af völdum vörum.

10% afsláttur af þeim vörum sem ekki eru sérstaklega merktar sem útsöluvörur.



Opið

Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00



TM - HÚSGÖGN

Síðumúla 30 - Sími 568 6822

- ævintýri líkust



Stór dagur í dag. Komdu. Nýr sýningarsalur Mazda tekinn í notkun. Bíldshöfða 8.

Brimborg tekur í notkun nýjan sýningarsal Mazda á Íslandi um helgina. Komdu í kaffi og konfekt. Komdu og skoðaðu nýja salinn og nýja bíla frá Mazda. Frábært verð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi. Kynntu þér tilboðin.

Komdu í kaffi og konfekt.
Opíð í dag frá kl. 12 til 16.

Skoðaðu úrval
Mazda
í nýjum
húsakynnum
Nýttu þér sérstakt
tilboð á Mazda

Gildir
aðeins til
31. janúar



Mazda2
Væntanlegur í apríl



Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 gíra*

Besta verð 1.590.000 kr.
Bílasamningur 21.361 kr.
Rekstrarleiga 29.900 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra 5 gíra*

Besta verð 1.620.000 kr.
Bílasamningur 21.768 kr.
Rekstrarleiga 31.700 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 gíra*

Besta verð 2.090.000 kr.
Bílasamningur 28.078 kr.
Rekstrarleiga 39.150 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*

Besta verð 2.190.000 kr.
Bílasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*

Besta verð 2.240.000 kr.
Bílasamningur 30.093 kr.
Rekstrarleiga 41.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*

Besta verð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 30.764 kr.
Rekstrarleiga 42.700 kr.



Mazda MX-5 Sport 2,0i
2 dyra, 6 gíra*

Besta verð 2.750.000 kr.
Bílasamningur 36.944 kr.



Mazda RX-8 High
4 dyra 6 gíra*

Besta verð 3.190.000 kr.
Bílasamningur 42.856 kr.



Mazda6 MPS AWD 2,3i
4 dyra, 6 gíra*

Besta verð 3.390.000 kr.
Bílasamningur 45.543 kr.



Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
– skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.

Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda3 5 dyra Touring, 5 gíra og Toyota Corolla Hatchback Terra, 5 gíra. Mazda3 kostar núna aðeins frá 1.590.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Að auki færðu vetrardekkinn þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkinn í skottið. Verð á Toyota Corolla Hatchback Terra, 5 gíra er frá 1.685.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Það sem er umfram í Mazda3 Touring:

- 1,6 lítra vél
- Stöðugleikastýrikerfi (DSC)
- Loftkælikerfi
- Stillingar í stýri fyrir hljómtæki
- Hiti í framsætum
- Rafdrifnar rúður að aftan

Brimborg
Bíldshöfði 8

Brimborg
Bíldshöfði 6

Komdu í nýjan sýningarsal Mazda
há Brimborg - Bíldshöfða 8.

Í dag kl. 12 til 16.

Á morgun, sunnudag kl. 13 til 16.

MAX1
Bílavaktin

Ný heimkynni - Nýtt verð!

1.590.000 kr.

Mazda3 5 dyra Touring 1,6i 5 gíra*



Sérstakt tilboð!

Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!

Frábær tilboð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Lægra verð en kynningarverð. Vetrardekkinn færðu þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkinn í skottið.

Betri kjör hjá Lýsingu.

Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

LÝSING

Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

rekstrarteiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Umfelgun, smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: þokuljós og

Vil ekki vera vændiskona í Hollywood

Stórmyndin *Memoirs of a Geisha* verður frumsýnd í næstu viku. *Birgir Örn Steinarsson* hittir *Ziyi Zhang*, aðalleikkonu myndarinnar, í London.



Sútlkur eins og Ziyi Zhang eru ekki á hverju stráti. Meira að segja stærðfræðin ýtir undir þá kenningu að hún sé all sérstök. Hún kemur frá Kína, fjölmennasta ríki heims, og þar hljóta líkurnar á því að komast áfram í skemmtanaíðnaðinum að vera hverfandi litlar. Samt náði hún heimsathygli eftir aðra myndina sem hún lék í, *Crouching Tiger Hidden Dragon* sem leikstýrt var af Ang Lee. Hún hefur bjarta nærveru, brosir og hlær mikið þegar hún talar og virðist mjög metnaðarfull. Að minnsta kosti afþakkar hún að að hafa túlk með sér í viðtölum við vestræna blaðamenn, þrátt fyrir að hafa aðeins talað ensku í þrjú ár.

Mótleikari hennar í myndinni, Japaninn Ken Watanabe, er algjörlega ósjálfbjarga án túlks þrátt fyrir að hafa meðal annars fengið tilnefningu til óskarsverðlauna fyrir enskumælandi leik sinn í myndinni *The Last Samurai*.

Viltu ráða mig í vinnu?

Ziyi hefur aðeins einu sinni áður leikið á ensku, í myndinni *Rush Hour 2*, en þar þurfti hún ekki að segja mikið. Fyrir fimm árum, þegar hún hafði nýlengi við gerð stórmyndar Ang Lee, talaði hún ekki orð í ensku. Þá hitti hún fyrst Steven Spielberg, framleiðanda *Memoirs of a Geisha*, sem þá hafði hug á því að leikstýra myndinni sjálfur. Leikstjórnin hafði þá séð stúlkuna í mynd Ang Lee og vildi sjá hvort hún hefði hlutverki Sayuri, bláeygðu geishunnar sem skáldsaga Arthur Golden fjallar um. „Það var gegnum umboðsmanninn minn og ég var svo upp með mér því ég elskaði E.T. þegar ég var lítil,“ segir Zhang og ljómar við endurminninguna. „Þá kunni ég ekki eitt einasta orð í ensku. Það eina sem mér var kennt að segja fyrir fundinn var: „viltu ráða mig í vinnu?“. Svo þegar ég hitti hann tók ég í höndina á honum og sagði þetta. Hann var mjög hissa, hló mikið og spurði hver hefði kennt mér þetta.“

Myndinni var stöðugt frestað en Ziyi var staðráðin í því að fá hlutverkið og hóf því strax að læra ensku. Það er hreint út sagt ótrúlegt hversu góðum tókum hún hefur náð á tungumálinu á jafn stuttum tíma. Þarf aldrei neina aðstoð, þó svo að hún staldri stundum lengur við á erfiðum orðum.

Var neydd í dansskóla

„Ég bý í Beijing og kem úr mjög

venjulegri miðstéttarjölskyldu,“ segir Zhang þegar hún er spurð um uppruna sinn. „Mamma mín var leikskólakennari. Ég þótti sérstaklega mjó þegar ég var ung og vegna þess vildi hún að ég byggði upp smá vöðvamassa. Þess vegna sendi hún mig í danskennslu í sex ár. Ég þoldi það ekki! Þetta var svo erfið. Þess vegna get ég tengt mig við persónu mína í myndinni. Hún átti mjög erfiða æsku. Það var bæði líkamlega og andlega erfið að alast upp með þessu fólki. Það var ekki mín ákvörðun að fara í þennan skóla, en þar lærði ég aga og stundum þurftum við að æfa undir mjög erfiðum kringumstæðum. Ég var 17 ára þegar ég kláraði dansskólann. Þá sá ég að þetta væri ekki það sem mig langaði að eyða ævinni í og ákvað að fara í leiklistarskóla. Á öðru ári fékk ég tækifæri til að leika í minni fyrstu kvikmynd. Árið eftir var mér boðið að leika

kærasta. Líf þeirra hefur breyst mjög mikið frá þeim tímum sem myndin gerist.“

Geishu-herbúðirnar

Hversu erfið var að læra listir geishunnar? Og skilja lífsstíl hennar?

„Við kölluðum æfingarferlið geishu-herbúðir. Við urðum að æfa mjög stíft til þess að geta orðið geishur og höfðum bara sex vikur til þess að læra allt saman. Alvöru geishur fá kannski tíu ár, eða alla ævi, til þess að fullkomna list sína. Við vöknudum klukkan níu á hverjum morgni og æfðum til sex á kvöldin, stundum lengur ef þurfti. Við lærðum smáatriði eins og að ganga rétt, beygja sig og hvernig ætti að brjóta saman vasaklút. Við þurftum að kunna þetta allt svo að við gætum einbeitt okkur að persónu okkar þegar kæmi að tókum við myndina. Þessi tími var virkilega erfiður fyrir mig.“

auðvitað enga valkosti. Það var mjög erfið að læra þann dans, þrátt fyrir að ég komi úr dansheiminum. Persóna mín í myndinni er þannig séð að leika aðra persónu. Á sama tíma er hún að hugsa um samband sitt við Formanninn. Þetta verður allt svo tilfinningaþrungin og fullt af meiningu.“

Þú gast nú varla hafa séð mikið þegar atriðið var tekið, með ljósið í augunum og snjóinn í andlitinu?

„Þetta var nokkuð hættulegt. Það var ekki fyrr en kom að tókunni sjálfri sem ég áttaði mig á því að ég yrði að dansa í myrkri. Ég var búin að leggja mig svo mikið fram við að ná þessu rétt, en ég var alls ekki reiðubúin til þess að dansa í myrkri. Ég missti nánast jafnvægið nokkrum sinnum. Ég hefði getað dottið af sviðinu og hálsbrotnað. Þar komu árin í dansskólanum að góðum notum.“

Frjáls í Kína

Þrátt fyrir að vera ein frægasta kona í Kína segist Ziyi Zhang lifa mjög frjálsu lífi þar.

„Fólk spyr mig kannskihvernig ég hafi það. Stundum er kallað á mig með nafni og svoleiðis. Þegar ég fer með mömmu út að versla bið ég hana alltaf um að nota eitthvað annað nafn því undantekningarlaust, um leið og fólk heyrir nafn mitt og sér mig, verður allt vitlaust. Hún kallar mig þá „litla blómið sitt“ eða eitthvað álíka. Ég var stöðvuð af lögreglunni um daginn. Um leið og þeir áttuðu sig á því hver ég var urðu þeir mjög vingjarnlegir, brostu mikið og sögðu mér bara að fara varlega næst og leyfðu mér að fara.“

Myndir þú frekar vilja vinna í Hollywood en í heimalandi þínu?

„Ég prófaði að leika í *Rush Hour 2*. Eftir hana áttaði ég mig á því að öll hlutverk sem eru í boði fyrir ungar, asískar stelpur í Hollywood eru mjög einhæf og keimlík. Yfirleitt er um að ræða fátæka stelpu frá Kína, vændiskonu eða einhverskonar fórnarlamb á flótta undan kínversku mafunni í Kínahverfi. Ég get leikið miklu erfiðari hlutverk en það. Eftir *Rush Hour 2* ákvað ég að halda mig bara við asískar myndir. Svo var mér boðið hlutverk geishunnar. Stundum hljóða boðin upp á mikla peninga og þá er erfið að afþakka. Ég elska vinnuna mína. Það sem skiptir mig mestu máli er að gera kvikmyndir sem fólk á eftir að tala um eftir tíu ár. Það skiptir mig litlu máli hvort myndirnar eru gerðar í Kína, Japan eða

Hollywood. Ég tek bara að mér hlutverk ef ég held að það reyni á mig sem leikkonu.“

Þú myndir þá aldrei vilja búa í Hollywood?

„Nei. Ég kann vel við það frelsi sem ég hef núna. Mér finnst Hollywood vera mjög langt í burtu. Ég veit hvernig myndir ég get gert í Asíu og hvernig myndir ég get gert þar. Mig langar ekki að leika vændiskonur í Hollywood.“

Það var eitthvað skrifað um það í Kína að þú værir að taka að þér hlutverk í bandarískri stórmynd og lékir „japanska vændiskonu“?

„Svleiðis skrif eru nú ekki algeng. Ég er atvinnuleikkona og þetta er vinnan mín. Sá sem skrifar svona hefur greinilega ekki hugmynd um hvað geishur eru. Maður lætur þetta ekki hafa áhrif á sig. Þess vegna er þessi mynd svo góð til fræðslu fyrir þá sem ekkert vita um heim geishunnar.“

Tilfinningarnar faldar

Nokkur blöð eru þegar byrjuð að spá þér óskarsverðlaunatilnefningu. Hvað finnst þér um það?

„Ég er mjög stolt af þessari mynd. Ég hafði mjög gaman af því að gera hana. Það voru verðlaunin mín. Það sem gerist eftir það er ekki á mínu valdi. Mér finnst myndin mjög góð og hún á alveg eins möguleika og hver önnur. Það sem var kannski erfiðast við gerð myndarinnar var að ég lék á öðru tungumáli en mínu eigin. Það var ekki svo auðvelt, því persónan er svo lokuð. Hún talar nánast aldrei um tilfinningar sínar. Hún þarf að fela þær fyrir Maó formanni. Auðveldast hefði verið að skæla sífellt, en mér fannst það ekki rétt því hún er mjög sterk persóna. Auk þess að að leika á öðru tungumáli varð ég tala enskuna með japönskum hreim, sem er öðruvísi en kínverskur.“

Hvort er mikilvægara fyrir leikkonur í dag, fegurð eða hæfileikar?

„Hvort tveggja,“ segir hún með mikilli áherslu og hlær. „Maður má ekki vera smeykur við að reyna. Ég var svo stressuð að gera þessa mynd því ég var nýbyrjuð að læra ensku. Ég sagði leikstjóranum þetta og hann sagði mér að hafa ekki of miklar áhyggjur, hann hefði séð allar myndirnar mínar og það væri augljóst að ég áttaði mig ekki alltaf á því hversu mikla hæfileika ég hefði. Það var mjög uppbyggjandi að heyra það.“

biggi@frettabladid.is

ZHANG ZIYI

Þrátt fyrir stuttan feril hefur Ziyi Zhang náð að festa sig í sessi sem ein skærasta kvikmyndastjarna Kína. Hér eru helstu myndir sem hún hefur leikið í:

CROUCHING TIGER, HIDDEN DRAGON (1999)

Zhang lék Jen Yu, unga dóttur hefðarmanns sem leiðist inn í ógnarlegt ævintýri eftir að heilögu sverði er stolið. Jen Yu er ekki öll þar sem hún er séð. Myndin er í 111. sæti yfir bestu myndir allra tíma hjá imdb.com.

RUSH HOUR 2 (2001)

Eftir gífurlega velgengni *Crouching Tiger* var Zhang ráðin í framhaldsmynd *Rush Hour* með þeim Chris Tucker og Jackie Chan. Reynsla sem



fékk Zhang ofan af því að leita sér frekari frama í Hollywood.

HERO (2002) Zhang lék Moon, eina af erkifjendum kínverska kóngsins sem vill sameina sex konungsríki Kína undir sín yfirráð. Zhang er í aukahlutverki, en Jet Li fer með aðalhlutverkið. Myndin er í 150. sæti yfir bestu myndir allra tíma hjá imdb.com.

fyrir Ang Lee í *Crouching Tiger, Hidden Dragon* og síðan þá hef ég haft nóg að gera.“

Þekktir þú mikið til um heim geishunnar, áður en þú tókst að þér hlutverkið?

